



TILBOÐ
2 ltr. Coke
kr. 169,-




HAFNARSTRÆTI 7
 SÍMI 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
 • Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
 www.ibudalan.is





Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119



Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 19. janúar 2005 · 3. tbl. · 22. árg.

Ísafjarðarbær

**Fjárhags-
 áætlun
 samþykkt**

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar var samþykkt með sex samhljóða atkvæðum eftir seinni umræðu bæjarstjórnar í síðustu viku. Fundurinn stóð í tæpa fimm tíma. Þrjár bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar sátu hjá. Allar breytingartillögur Frjálslyndra og óháðra voru felldar.

Tillaga Samfylkingarinnar um að hækka framlag til Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar um eina milljón króna var samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

– hj@bb.is



Séra Valdimar Hreiðarsson og séra Magnús Erlingsson þjónuðu fyrir altari.

Vestfirðir

**Rúmlega
 áttatíu án
 atvinnu**

Á Vestfjörðum eru 83 skráðir án atvinnu að því fram kemur á vef Vinnu-
 málastofnunar. Sem fyrr eru konur í meirihluta atvinnulausa eða 62 á móti 21 karlmanni.

Þá hefur atvinnulausum fækkað á nýliðnu ári sé tekið mið af upphafi ársins 2004 er 134 voru skráðir án atvinnu en í upphafi ársins 2003 voru þeir 87. Einnig kemur fram á vefnum að 10 mismunandi störf séu í boði hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, alls 23 stöðugildi. Þar á meðal er óskað eftir starfskrafti í handflökun, barnagæslu, heimilisstörf og ferðaljónu.

– thelma@bb.is

**Fjölmenni við minningar-
 guðsþjónustu í Súðavík**

Fjölmenni var við minningarguðsþjónustu sem haldin var í íþróttahúsinu í Súðavík á sunnudag til minningar um þá fjórtán sem létust í snjóflóði í Súðavík 16. janúar 1995. Séra Valdimar Hreiðarsson og séra Magnús Erlingsson þjónuðu fyrir altari og kirkjukór Súðavíkur söng. Undirleik annaðist Sigríður Ragnarsdóttir en einnig lék Jónas Tómasson á flautu.

Þegar gestir mættu til guðsþjónustunnar kveiktu þeir á kertum til minningar um þá látnu. Í athöfninni voru einnig trenduð sex kertir til minningar um þá er létust um leið og nöfn þeirra voru lesin upp.

Við athöfnina afhentu afkomendur hjónanna Hrafnhildar Þorsteinsdóttur og Sveins Salómonssonar Slysavarnasveitinni Kofra málverkið Björgun eftir Bjarna Jónsson að gjöf. Málverkið var í eigu Hrafnhildar og Sveins og bjargaðist úr rústum húss þeirra. Með gjöfinni vildu afkomendur þeirra hjóna þakka öllu því förnfúsa björgunarfólki sem tók þátt í leit og björgun ástvina þeirra.

Að guðsþjónustu lokinni bauð Súðavíkurrheppur til kaffisamsætis í grunnskólanum. Sjá einnig frétt og myndir á blaðsíðu 14.

– hj@bb.is



Frá afhendingu málverksins Björgun eftir Bjarna Jónsson. Oddný Bergsdóttir tók við verkinu fyrir hönd slysavarnasveitarinnar Kofra.

Samkaup úrval

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
 Verið
 velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

INNANLANDS er...

öflugasta flugvermið á Íslandi. Við höfum sameinað áætlanefningu Flytjanta, gómsvæðisvinnu og slysavarnarverkið um land allt í einni heildsætt flugvermið. Við bjóðum daglega ferðir og öflugri ólítingarþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flugvergi á höfðum og tryggtum ástæðum.



Virkisgjafir 15. 101 Reykjavík Sími 525 1700 Fsa 525 1700 www.eimskip.is



Umferð var takmörkuð um nokkra vegi á norðanverðum Vestfjörðum síðdegis á mánudag, m.a um Skutulsfjarðarbraut þar sem var lögregluvakt.

Hættuástand vegna snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum

Fjöldi húsa rýmdur og umferð takmörkuð

Alls þurftu 103 íbúar á Vestfjörðum að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðahættu á mánudag. Ákveðið var að rýma 37 hús á hættusvæðum og þurftu 49 íbúar að fara af heimilum sínum á Patreksfirði, 23 á Ísafirði og í Hnífsdal og í dreifbýli Ísafjarðarbæjar og 31 í Bolungarvík og af tveimur bæjum þar við. Veðurstofan lýsti yfir hættuástandi vegna snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum um miðjan dag á

mánudag og ákvað rýmingu á svonefndum C-reit í Skutulsfirði, en á honum er iðnaðarhúsnæði við Grænagarð á Ísafirði, og var hann rýmdur fyrir klukkan 17.

Þá ákvað Veðurstofan rýmingu á svonefndum M- og N-reitum í Hnífsdal frá kl. 17 á mánudag. Hús voru einnig rýmd í Bolungarvík og á sunnanverðum Vestfjörðum. Mikil snjóáði á Vestfjörðum aðfaranótt mánudags og fyrripart

mánudags og var veðurspá slæm fyrir nóttina. Sú spá rættist ekki og var hið ágætasta veður allt kvöldið og aðfaranótt þriðjudags. Almanna- varnanefnd Ísafjarðarbæjar kom saman tvívegis á mánudag og ákvað til viðbótar við áður nefndar rýmingar að rýma þær íbúðir við Árvelli í Hnífsdal sem búið er í og bæinn að Hrauni. Einnig ákvað nefndin að rýma Fremstuhús í Dýrafirði, Neðri-Breiðadal, Fremri

Breiðadal, Veðrará í Öndarfirði og Kirkjuból í Korpudal. Einnig var ákveðið að rýma Kirkjubæ og Höfða í Skutulsfirði eftir kl. 17 og Funa, Gámaþjónustu Vestfjarða og útihús á sama svæði frá sama tíma.

Við aðstæður eins og voru á mánudag vegna snjósöfnunar og veðurspár taldi almanna- varnanefnd og vegagerð einnig nauðsynlegt að takmarka umferð um vegi. Snjóflóð féllu

á veginn um Óshlíð í mánudag. Sett var upp vakt á Skutulsfjarðarbraut síðdegis og umferð takmörkuð eftir þann tíma. Á Hnífsdalsvegi, Kirkjubólshlíð, Hvilftarströnd, Breiðadal og Súgandafirði var umferð takmörkuð og þessum leiðum var svo öllum lokað eftir kl. 18. Þá var Súðavíkurlíðinni lokað síðdegis.

Almannavarnanefnd Bolungarvíkur ákvað einnig að rýma hús við Dísarland, auk

þriggja húsa við Traðarland og bæinn Tröð í Bolungarvík. Var bærinn Geirastaðir í Syðridal einnig rýmdur og umferð um hesthús undir Erni bönnuð. Gekk rýmingin vel skv. upplýsingum lögreglunnar í Bolungarvík. Nokkur minni snjóflóð féllu fyrir ofan byggðina í Bolungarvík á mánudag.

Rýmingu á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði var aflétt árla á þriðjudagsmorgun.

Tæplega 11 þúsund vetrarfuglar

Vetrarfuglatalningum er nú lokið á norðanverðum Vestfjörðum en alls sáust tæplega 11.000 fuglar af 30 tegundum. Um talninguna sáu Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða og Hjalti Ragnarsson á Ísafirði og var talið í Bolungarvík, Skutulsfirði og Öndarfirði dagana 7.-9. jan-

úar.

„Fuglalífið var með svipuðu sniði og síðustu ár, helstu breytingarnar voru að nú sáust rjúpur í byggð og straumönd og skarfa vantaði á Óshlíðina. Mjög brimasamt var dagana á undan á Óshlíðinni. Skarfarnir fundust síðan í höfninni í Bolungarvík og á pollinum í Skut-

ulsfirði“, segir í frétt á vef Náttúrustofunnar. Stuttu síðar voru skarfarnir komnir á sína vanalegu staði á Óshlíðinni.

Einn flækjgur sást við talninguna og var það hvinandargestgur (*Bucephala islandica*). Hann hefur sést í Dýrafirði af og til undanfarin ár á þessum árstíma. —*thelma@bb.is*



Dilaskarfur að reyna koma matnum ofan í sig í höfninni í Bolungarvík. Mynd: nave.is.

Ísafjarðarkirkja

Messa og kirkjuskóli kl. 11:00
sunnudaginn 23. janúar.

Nýtt efni í barnastarfinu.
Sjáumst á sunnudaginn!



Könnun Fjölmenningsasetursins á Vestfjörðum á högum og viðhorfi innflytjenda

Um 12% hafa þegar hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis

Um 34% innflytjenda á Íslandi telja sig hafa mjög eða frekar góðan skilning á íslensku en 23% segjast hafa frekar eða mjög slæman skilning á tungumálinu, að því er fram kemur í könnun sem unnin var fyrir Fjölmenningsatriði á Ísafirði. Áftur á móti segjast einungis 4% þeirra sem tóku þátt í könnuninni geta tjáð sig vel á íslensku. Þá telja 25% að þeir tjái sig frekar vel, en 19% segjast geta tjáð sig illa og 9% mjög illa.

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem þátt tóku, eða 92%, sögðust hafa áhuga á að læra

íslensku betur. Sjö af hverjum tíu sögðust alltaf tala móðurmálið við börn sín. Könnunin var lögð fyrir innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi sem þurfa atvinnu- og dvalarleyfi áður en komið er til landsins og tala pólsku, ensku, taíslensku eða serbnesku/króatísku.

Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna viðhorf innflytjenda til búsetu og vinnu, kanna hvaðan fólk fær upplýsingar um réttindi sín og skyldur, menntun þess og starfsreynslu og hvort það nýti þekkingu sína hér á landi. Einnig

var spurt um ýmis atriði varðandi þjónustu sveitarfélaga, verkafélagsfélaga o.s.frv.

Tæplega helmingur svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir búa nú. Af þeim sem helst vildu búa annars staðar vildu 64% búa á höfuðborgarsvæðinu en hinir á landsbyggðinni. Um 39% innflytjenda bjó í eigin húsnæði, 32% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða á vegum sveitarfélags og 14% bjuggu í húsnæði á vegum atvinnurekanda.

Athygli vakti að 42% svarenda áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi við-

komandi.

Um 59% sögðust hafa fengið einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins, flestir hjá vinum og ættingjum. Því meiri menntun sem þátttakendur höfðu, því minni fræðslu höfðu þeir fengið um réttindi sín þegar þeir fluttu til landsins.

Rúmlega 70% þátttakenda eru í hjónabandi eða sambúð og tæplega 70% eiga börn. Um 30% þeirra sem aldrei mæta í foreldraviðtöl vegna barna sinna segja ástæðuna vera tungumálaerfiðleika.

Rúmlega 30% innflytjenda vissi til þess að samtök eða félag samlanda þeirra væru til á Íslandi. Um helmingur þeirra sem vissi af slíkum félagum hafði tekið þátt í starfi þeirra. Þá tók um helmingur allra svarenda þátt í almennu félagsstarfi af einhverju tagi, s.s. íþróttum, líkamsrækt, leiklist, kórastarfi o.s.frv.

Rúmlega fjórðungur kaus í

síðustu sveitarstjórnarkosningum en tæplega þrið af hverjum fjórum töldu mjög eða frekar líklegt að þeir myndu kjósa næst. Þá hafði rúmlega fimmtungur svarenda tekið þátt í starfi stjórnmalaflokks eða annarra pólitískra samtaka í upprunalandi sínu, en einungis 3% höfðu tekið þátt í slíku starfi á Íslandi. Tæplega helmingur svarenda taldi stjórnmalaflokka standa sig illa í að kynna sig og málefni sín fyrir fólki sem skilur litla íslensku.

Rúmlega 30% svarenda höfðu nýtt sér þjónustu túlks, en tæplega 30% vissi ekki um rétt sinn á aðstoð túlks. Þá sögðu um 44% að auðvelt væri að fá aðstoð túlks í sínu bæjarfélagi.

Um 74% svarenda voru virkir á vinnumarkaði eða stunduðu nám síðustu þrjá mánuðina áður en þeir komu til Íslands. Þá voru 93% þeirra sem svöruðu í vinnu þegar könnunin var gerð, en hinir

voru í námi, fæðingarorlofi eða heimavinnandi. Atvinnuleysi meðal innflytjenda er nær óþekkt samkvæmt könnuninni.

Rúmlega 75% störfuðu við fiskvinnslu og -veiðar og flestir töldu laun sín vera svipuð og hjá öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum á vinnustað þeirra. Um 80% hafði skrifað undir ráðningarsamning, en athygli vakti að 62% þeirra höfðu ekki skilið samninginn að hluta til eða að öllu leyti.

Tæplega 90% svarenda töldu menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og töldu flestir þeirra að ástæðan væri skortur á íslenskukunnáttu. Um 84% sögðust ekki hafa reynt að fá menntun sína metna hér á landi. Tveir af hverjum þremur sögðust hafa áhuga á frekara námi og tæplega 40% sögðust hafa áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki. Þá höfðu 12% þegar hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði

„Framkvæmd og skipulag við rýmingu húsa er gott“

Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn á Ísafirði segir skipulag við ákvarðanatöku um rýmingu húsa vegna snjóflóðahættu sé gott því erfitt sé fyrir sumar almanna- varnarnefndir landsins að taka ákvarðanir upp á eigin spýtur. Hann segir þó almannavarnarnefndir hafa fulla heimild til þess að rýma þau hús sem hún telji ástæðu til að rýma. Hann segir endanlega ákvörðun tekna í samvinnu Veðurstofu og almannavarnarnefndar.

Frá áramótum hefur meira snjóáð á Vestfjörðum en mörg undanfarin ár. Snjóáð hefur í slæmu veðri sem skapað hefur töluverða snjóflóðahættu víða og mikil snjóflóð hafa fallið og valdið miklum skemmdum. Flest hafa flóðin fallið þegar þeirra hefur verið vænst ef svo má segja þ.e. almannavarnarnefndir hafa verið búnar að rýma þau svæði sem í byggð eru eins og t.d. þegar flóðið mikla féll úr Hraunsgili í Hnífsdal fyrir skömmu.

Því er ekki að neita að aðgerðir almannavarnarnefnda hafa vakið mikla athygli fjölmiðla enda er það eitt af þeirra hlutverkum að upplýsa almenning. Sumum finnst þessi umfjöllun frekar neikvæð fyrir svæðið og þær spurningar hafa vaknað hvort sú staðreynd að nokkur ár eru liðin frá því að íbúar hér hafa tekist á við snjóflóðahættuna hvort almannavarnarnefndir hafi ef til vill brugðist of hart við. Önundur



Lögreglustöðin á Ísafirði. Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn telur framkvæmd og skipulag við rýmingu húsa gott í sveitarfélaginu.

segir svo ekki vera. Hann segir að þrátt fyrir að veðurspár hafi ekki gengið eftir sé víða hætt á ferðum og mikil lausamjöll og laus snjór sé í fjöllumum á svæðinu. Hann telur að þrátt fyrir að nokkur ár séu liðin frá því að menn glímu við ástand sem þetta þá sé þekking til staðar hjá almannavarnarnefndum og hún hafi nýst að undanförmu.

Það vakti athygli á mánudag að tilkynnt var um fyrirhugaða vakt á vegum og lokum vega með töluverðum fyrirvara. Fréttir af fyrirhuguðum aðgerðum voru fyrirferðarmiklar. Önundur segir það matsatriði hvort rétt sé að tilkynna um slíka hluti með löngum fyrirvara. Hann segir hluta hluta að þeir séu varaðir við í tíma og þau sjónarmið hafi orðið ofaná.

Endanlegt ákvörðunarvald um rýmingu húsa er nú í höndum Veðurstofu Íslands en ekki á höndum almannavarnarnefnda eins og áður var. Aðspurður hvort rétt hafi verið, í ljósi reynslunnar, að fela starfsmönnum Veðurstofu þetta vald segist Önundur vera þeirrar skoðunar að framkvæmdin, eins og hún er í dag sé góð. „Þessi mál eru unnin í sameiningu og almannavarnarnefndin hefur fullt vald til að rýma það sem hún telur að þurfi að rýma. Þarna koma sérfræðingar saman og ráða ráðum sínum. Erfitt er fyrir sumar nefndir landsins að taka ákvörðun um rýmingu upp á eigin spýtur. Samvinna er brýn og ákveðin forysta þarf líka að vera fyrir hendi“ segir Önundur.

– hj@bb.is

Heyrir þú illa?

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði dagana 31. janúar og 1. febrúar við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja. Tímabantanir í síma 893 5960.

Í boði eru margar gerðir og verðflokkar af heyrnartækjum.



Stuttur afgreiðslutími
Persónuleg þjónusta

 **Heyrnartækni**

Glæsibær Álfheimum 74 104 Reykjavík sími: 568 6880

Tryggvabraut 22 600 Akureyri sími: 893 5960

www.heyrnartækni.is

Skíðafélag Ísfirðinga í ferð til Austurríkis

Skíðafélag Ísfirðinga stóð fyrir ferð til Wagrain, skammt frá Salzburg í Austurríki dagana 4. til 13. janúar. Í hópnum voru alls 49 manns; 16 börn, 13 unglingar og 20 fullorðnir. Með í för voru tveir þjálfarar, þeir Þorlákur Baxter og Jóhann Bæring Gunnarsson.

„Þetta er eftir því sem ég best veit fyrsta fjölskyldu- og æfingaferð félagsins til útlanda. Aðstæður voru eins og

best verður á kosið, gott veður nánast allan tímann þrátt fyrir árstímamann“, segir Jónas Guðmundsson, einn ferðalanganna. Hiti var yfirleitt í kringum frostmark, sól flesta daga og færi oftast hið besta. Þá var ekki eins mannmargt á svæðinu og þegar lengra líður á árið og því lítið um bið í lyftur eða þrengsli í brekkum.

„Brekkur voru við allra hæfi, fjöldi lyfta til að flytja

fólkið upp og fjölmargir veitingastaðir í boði. Stemning í hópnum var mjög góð, engin slys svo vitað sé. Að vísu þurfti ein kona læknaaðstoð síðasta daginn vegna meiðsla í hnám eftir fall á skíðum“, segir Jónas. Auk barnanna frá Skíðafélagi Ísafjarðar voru með í för börn frá íþróttafélagunum Haukum í Hafnarfirði og Breiðabliki í Kópavogi ásamt foreldrum. – *thelma@bb.is*



Hópurinn fékk gott veður nánast allan tímann. Myndir: Jónas Guðmundsson.




Lagt af stað á fjallið.



Jóhann Bæring Gunnarsson með hóp ungra skíðamanna.



LANDSNET






NÝTT FYRIRTÆKI BJÖRT FRAMTÍÐ

Með breytingum á raforkulögum geta stórir notendur og dreifiveitur ráðið af hvaða framleiðendum raforkan er keypt. Að ári, þann 1. janúar 2006, mun hið sama gilda um alla notendur, þar með talin heimilin í landinu.

Landsnet er nýtt fyrirtæki á raforkumarkaði og gegnir lykilhlutverki í þessari markaðsveðingu. Starfsemi þess snertir hvert byggt búi og Íslendinga alla. Landsnet tekur flutningskerfi raforku, annast kerfissjórnun og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet býður landsmönnum þjónustu þróunareynda og þjálfaða starfsfólks og nærur yfir fullkomnum tæknibúnaði.

Við erum þess fullviss að tilkoma fyrirtækisins og yfirstandandi breytingar á skipan raforkumála verði til stórra hagsbóta fyrir alla raforkunotendur, stóra og smáa, og hökkum til samstarfsins í framtíðinni.





Gæðaborramatur frá Norðlenska

Tilboð 20. - 23. janúar

35%
afbætur á kostnaði

Mandfugl
spáskoplaust, leggr og kvegg
fræðisúpp



Tilboð
29 kr
í hvern 100g

Leitir



Tilboð
299 kr
í hvern 100g

Þessu á milli 200g

Tilboð
49 kr
í hvern 100g



karstflur þrossa
í hvern 100g



20%
afbætur á kostnaði


1000 Pelona

Íslandsmatur frá Danva (Þorvaldsgata)
300g pakki



Tilboð
199 kr
í hvern 100g

20 kr í hvern 100g



Tilboð
99 kr
í hvern 100g

Leitir



Tilboð
89 kr
í hvern 100g

Íslandsmatur
Dalla ragnir



Tilboð
49 kr
í hvern 100g

Leitir 500g



KOMDU BÓNDANUM Á DVAR

Þessu karstflukka 250g
fylgir frítt með bláavindinum
á böndaginn



Tilboð
149 kr
í hvern 100g

Leitir 2L



Tilboð
99 kr
í hvern 100g

Þessu á milli 200g

Samkaup úrval

Ritstjórnargrein

Ísfirðingafélagið í Reykjavík 60 ára

„Með hækkanði sól hækkar brúin á mönnum hér á landi og að venju munum við Ísfirðingar halda upp á það, að sést til sólar, með því að drekka hið árlega Sólarkaffi félagsins“, voru inngangsorð fyrsta Vestanpóstsins, blaðs Ísfirðingafélagsins í Reykjavík, sem hóf göngu sína 1989 og hefur komið út árlega síðan í tengslum við Sólarkaffið og vaxið úr fjórblöðungi fyrsta árið í stórt og vandað blað, góða, efnismikla og myndrika heimild um fólk og fyrri tíma í sögu Ísafjarðar. Að því er segir í fréttatilkynningu frá félaginu verður Vestanpósturinn með veglegra móti í tilefni afmælisins, sem verður minnst með veglegu Sólarkaffi á Broadway 28. janúar. Þar er boðuð „fjölbreytt músik-dagskrá í umsjón Baldurs Geirmundssonar, (þar sem) allir gömlu og síungu söngvararnir í popphljómsveitum liðinnar aldar á Ísafirði koma fram og hjálpa okkur að rifja upp gömlu og góðu stemminguna“, sem fullyrða má, að enginn hefur gleymt, sem upplifað hefur.

Hinn 22. apríl n.k. eru 60 ár liðin síðan Ísfirðingafélagið í Reykjavík var stofnað „með það að markmiði að viðhalda kynningu milli Ísfirðinga búsettra í Reykjavík og nágrenni og efla trygð þeirra við áttahagana“, eins og segir í lögum þess. Fullyrða má að félaginu hafi almennt vel til tekist með að rækta þessa skyldu sína í þá sex áratugi, sem senn eru að baki.

Segja má að starfsemi Ísfirðingafélagsins sé með nokkuð föstu sniði. Viðamesta viðfangsefnið er án efa rekstur Sóltúna, húss félagsins á Ísafirði, sem notið hefur vinsælda sem gististaður brottflutta Ísfirðinga. Um árabíl hafa jólakort félagsins, oft prýdd verkum ísfirka listamanna, verið styrkustu stoðirnar undir rekstri Sóltúna. Sólarkaffið er að vonum fjölmennasta samkoman, en aðrir árlegir viðburðir, eins og messa og kirkjukaffi að vori og sólkveðjuhátíð að hausti, hafa einnig notið vinsælda. Þá hefur félagið mörg undanfarin ár veitt nemendum við grunn- mennta- og tónlistarskóla Ísafjarðar viðurkenningu.

Það segir sig sjálft að Ísfirðingafélagið í Reykjavík ætti ekki þennan árafjölda að baki, ef sú ramma taug, sem rekka dregur föðurtúna til, væri ekki jafn sterk og raun ber vitni, hjá þeim mikla fjölda, sem af einni eða annari ástæðu flutti frá Ísafirði.

„Þessi bær hefur í okkur svo ótrúlega sterk ítök“. Slík ástarjátning hefur alla tíð hljómað í eyrum gesta á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins og enginn vafi er á, að svo mun verða um ókomna tíð. Það er hverjur bæjarfélagi mikils virði að vita af slíkum bakhjörllum.

s.h.

Orðrétt af netinu

Enn eitt bannið

Undirritaður reykir ekki og hefur oft kosið að sækja ekki veitingastaði þar sem mikið er um reykjar. Það hvarflar samt ekki að honum að reyna að beita ríkisvaldinu fyrir því að banna öðrum að reykja af sömu ástæðu og hann vill ekki að aðrir beiti ríkisvaldinu gegn því að hann borði uppáhalds súkkulaðistykkið sitt.

Reykjar eru ekkert opinbert heilbrigðis- eða öryggisvandamál eins og berklar eða akstur undir áhrifum áfengis. Reykjar eru eins og skyndibitaát og mótörhjólaíðkun, m.ö.o. þær varða eingöngu einstaklinginn sem reykjarnar stunda.

frjalslyggja.is – Guðm.undur Arnar Guðmundsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfðán Bjarki Hálfðánsdóttir, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltdóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að ávaxta hlutafé með þátttöku í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á norðanverðum Vestfjörðum

Guðni Einarsson kjörinn formaður stjórnar Hvetjanda hf.

Hlutafé félagsins auk- ið í 200 milljónir króna

Ný stjórn var kjörin í eignarhaldsfélaginu Hvetjanda hf á aðalfundi félagsins sem fór fram fyrir skömmu. Í hinni nýju stjórn sitja Guðni Einarsson formaður, Sigurjón K. Sigurjónsson varaformaður og Vilhjálmur Baldursson meðstjórmaður. Í varastjórn sitja Björn Davíðsson, Fylkir Ágústsson og Kristín Hálfðánsdóttir. Á aðalfundinum var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr 70 milljónum króna í 200 milljónir. Hlutahafar í dag eru Byggðastofnun, Ísafjarðarbær, Súðavíkurbætur.

Sparisjóður Vestfirðinga og Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Með nýju hlutafé verður leitast við að útvíkka hluthafahópin. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst sá að ávaxta hlutafé með þátttöku í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á norðanverðum Vestfjörðum. Eiríkur Finnur Greipsson framkvæmdastjóri félagsins segir að nú þegar hafi félagið samþykkt að taka þátt í einu nýsköpunarverkefni og nokkur verkefni hafi verið kynnt fyrir félaginu. Umsóknir sem berast félaginu eru yfirfarnar

af framkvæmdastjóra, sem metur hvort þær skuli lagðar fyrir fagrát til umfjöllunar. Niðurstaða fagráðs verður lögð fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu og á grundvelli hennar verður ákveðið hvort fjárfesta eigi í viðkomandi félagi eða ekki.

Félagið auglýsti í síðustu viku eftir vænlegum fjárfestingarkostum og segir Eiríkur Finnur að það hafi verið gert til þess að vekja athygli á félaginu. Starfsemin hefur farið hægt af stað og því þótti mönnum rétt að láta vita af þessum

nýja kosti í atvinnuuppbyggingu. Þennan kost hefur lengi vantað og nú þegar hann er fyrir hendi vonumst við auðvitað til þess að þeir sem hafa góðar hugmyndir í farteskinu komi fram og gefi okkur kost á því að taka þátt í fjármögnun þeirra.

Hvetjandi hf. hefur einnig opnað heimasíðu þar sem finna má upplýsingar um starfsemi félagsins og nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá sem kynna vilja hugmyndir sínar fyrir félaginu. Slóðin á heimasíðu félagsins er hvetjandi.is.

Snjómokstur á Seljalandsdal

Sagður skapa hættu við sumarhús í Tungudal

Sumarbústaðaeigendur í Tungudal hafa verulegar áhyggjur af snjómokstri af nýja veginum sem lagður hefur verið uppá Seljalandsdal. Þeir telja að snjór sem mokað er út af veginum geti runnið niður hlíðina og um leið komið af stað snjóflóði. Við gerð vegarins á sínum tíma kom fyrir að steinar ultu niður að bústöðunum og skapaði það töluverða hættu.

Við gerð hins mikla snjóflóðavarnargarðs við Seljalandsmúla breyttist lega vegarins uppá dalinn. Þar sem skíðaskáliinn Skíðheimar er ekki lengur nýttur liggur vegurinn beint á skíðagöngusvæðið á

dalnum. Fyrir vikið liggur vegurinn í hlíðinni ofan nokkurra þeirra bústaða sem í Tunguskógi eru. Þegar vegagerðin stóð sem hæst varð vart við nokkurt grjóthrun niður að umræddum bústöðum.

Fyrir stuttu rituðu þær Friðgerður, Guðríður og Ásdís Guðmundardóttir bréf til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þar sem vakin er athygli á þeirri hættu sem skapast getur við snjómokstur vegarins. Þær systur eru eigendur að sumarhúsi og lóðum neðan þess. Í bréfi sínu segja þær að ávallt hafi verið hætta á snjöhruni úr hlíðinni en með tilkomu vegarins hafi hætta

aukist verulega að þeirra mati. Í bréfi sínu krefjast þær þess að hugað verði að þessu máli strax og þeim sem sjá um mokstur vegarins verði gerð grein fyrir þeirri hættu sem moksturinn fram af veginum getur skapað. Jafnframt óska þær eftir því að fundin verði önnur lausn til þess að losna við snjó af veginum.

Þegar snjóflóðið mikla féll af Seljalandsdal og niður í Tunguskóg árið 1994 björguðust umræddir bústaðir að hluta. Árið 1973 fór hinsvegar af stað snjófleki í hlíðinni ofan við bústað Ásdísar og eyðilagði hann. Bústaðurinn var síðar endurbyggður á sama

stað en með öðru lagi. Flekinn fór af stað fyrir neðan núverandi veg og segir Ásdís í samtali við blaðið að sú staðreynd sýni að ekki þurfi mikið til að koma flóði af stað. Hún segir að snjómokstur sé að sjálf-sögðu mjög saklaus verknaður í eðli sínu en á þessu svæði er önnur lausn til þess að losna við snjó af veginum. Þrátt fyrir að búseta sé ekki leyfileg að vetrinum í Tunguskógi er svæðið mikil útivistarparadís og því gæti jafnvel lítið flóð valdið óbætanlegu tjóni að sögn Ásdísar og því af stað snjófleki í hlíðinni ofan við bústað Ásdísar og eyðilagði hann. Bústaðurinn var síðar endurbyggður á sama

Hafnarfjarðarpakki:



- gildir í janúar, febrúar og mars 2005




Skelltu þér í Hafnarfjörð!

- Þorinn
- Kúrekaveislur
- Víkingaveislur
- Hestaferðir
- Ævintýraferðir
- Óvissuferðir
- Hótelgisting
- Flug
- Bílaleigubíll
- Álfaganga
- Sund
- Söfnin

- Komdu og upplifðu það sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða!
Tilvalið fyrir einstaklinga, starfsmannafélög, samaklúbba og hverskonar hópa.

Eftirtaldir aðilar bjóða alla landsmenn velkoma í Hafnarfjörð og veita allar nánari upplýsingar:




HÖPÚLAN
Sími 599-8000
gsm 822-0000
www.hopulan.is
hopulan@hopulan.is



HAFNARFJARÐARHLÍÐ
Sími 580-0000
www.hafnarfjorur.is



HESTARNIR Í HESTUM
Sími 550-7000
www.hestarnir.is
info@hestarnir.is




FJÖRUKRAIN
www.fjorukrain.is
Sími 565-1213



Sími 500-0000
www.hertz.is
hertz@hertz.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Áttu-Flugfélagið

Aðskrá sími 570-3330 | www.flugfelag.is



Auðveldara að vakna á morgnana

– rætt við Guðna Borgarsson sem keypti sér hjól og léttist um 36 kíló á átta mánuðum

Guðni Borgarsson á Ísafirði hefur lengst af verið talinn í nokkuð góðum holdum og sver sig í ættina hvað það varðar. Þegar ástandið var hvað verst var Guðni tæp 140 kíló og holdafarið hafði mikil áhrif á líkamann. Ökklarnir voru undir gífurlegu álagi og Guðni segist aldrei hafa haft orku til að gera nokkurn skapaðan hlut eftir kvöldmat.

Nú er öldin önnur. Fyrir tveimur árum fór Guðni að breyta til, breytti mataræði sínu og fór að hreyfa sig. Hann fékkst til að deila reynslu sinni með lesendum Bæjarins besta á þessum tíma árs þegar margir eiga erfitt með að hafa hemil á aukakílónum.

Byrjaði að fitna eftir fermingu

– Hafðirðu alltaf verið feitur? Varstu feitur sem barn?

„Nei, ég byrjaði eiginlega ekkert að fitna að ráði fyrr en eftir fermingu. Þá byrjaði að hlaðast utan á mig fita, þó svo að lífstíllinn hafi ekki breyst neitt að ráði. Þetta er svolítið ættgengt hjá mér að vera feitur.“

– Já, það er frekar þungt fólk í ættinni, er ekki svo?

„Jú, öll nema ein systir mín. Hún er eins og spýta og sker sig mikið úr.“

– Var holdafarið byrjað að hafa neikvæð áhrif á líkamann? Var þetta orðið vandamál?

„Já, til dæmis var ég orðinn slæmur í löppunum. Þetta tekur á og er gífurlegt álag á ökkla. Líðirnir þar voru nánast búnir enda var ég alltaf að snúa mig.“

Ég vinn sem tækjamaður hjá Áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar. Eins og menn geta sagt sér sjálfir, þá er þetta mikið kyrrsetustarf. Það hjálpaði að sjálfsögðu ekki til.“

– Það má jafnvel segja að það sé ákveðin hefð fyrir því að gröfukallar og aðrir tækjamennt séu svolítið þéttir á velli?

„Jú, það er nokkuð til í því. Það er sosomekkert skrítið. Ef til dæmis er verið að vinna á götusópara gerir maður sama og ekkert nema

sitja undir stýri allan daginn.“

Fór að ganga fyrir tveimur árum

– Varstu mikið búinn að reyna að grenna þig?

„Ég var nokkrum sinnum búinn að reyna að fara í megrun, en það gekk ekki neitt. Viljinn verður að vera á bak við þetta, án hans gerist ekki neitt. Og viljinn var bara ekki til staðar á sínum tíma.“

– En hvenær fór þetta loks að ganga?

„Það var fyrir tveimur árum. Pabbi var þá nýlega dáinn og ég varð mjög daufur við það. Pabbi var rosalega feitur eins og margir aðrir í fjölskyldunni.“

– Var andlátíð eitthvað tengt offitu?

„Nei, það er ekki beint hægt að segja það. Það fóru í honum lífrin og hjartað. Það er kannski frekar hægt að rekja það til aldurs.“

Eftir að hann dó fór ég að taka mig á. Ég fór og keypti mér reiðhjól, sem var mikið gæfuspor. Ég fór þá að hjóla út um allt og labbaði líka á hverjum degi. Ég hjólaði daglega inn í fjörð og hjólaði Barðastrandarhringinn svokallaða. Aðra hverja helgi gekk ég upp Naustahvílt í leiðinni.

Ég hætti að drekka mjólk og fór að drekka undarennu. Það sem meira máli skipti var að ég hætti að borða á kvöldin.“

– Það skiptir miklu, að borða

ekki á kvöldin?

„Já, maður á það til að liggja uppi í sófa, étandi og horfandi á sjónvarpið áður en maður fer að sofa. Það er náttúrulega það versta sem maður gerir.“

36 kíló á átta mánuðum

– Fékkstu einhverja aðstoð við þetta eða ráðgjöf?

„Nei, ég gerði þetta eiginlega bara einn. Í fyrravetur þegar fór að snjó og erfiðara var að hjóla, þá fór ég í Stúdíó Dan. Þar fékk ég hjálp við að strekka húðina en vegna þess hversu hratt ég grenntist pokaði húðin niður. Ég fór í rafmagnsnudd hjá Stebba Dan og það gerði mikið.“

Ég léttist um 36 kíló á átta mánuðum. Mér er sagt að það sé eiginlega allt of mikið. Það er almennt miðað við að maður eigi í það mesta að léttast um hálf kíló á mánuði en ekki fjögur og hálf eins og ég gerði.“

Hjólíð reddaði miklu

„Á þessum tíma hefur fólk ábyggilega haldið að ég væri orðinn brjáláður á hjólinu. Ég hjólaði upp Urðarvegsbrekkuna oft á dag, til þess eins að fara upp. Eins hjólaði ég oft upp á Seljalandsdal, en það tekur rosalega í. Hjólíð reddaði miklu, það er engin spurning.“

– Hvaða áhrif hefur þetta haft á þig? Er mikill munur að burðast ekki lengur með öll þessi aukakíló utan á sér?

„Ó, jú. Það munar ótrúlega

miklu. Fyrir það fyrsta hef ég ekki snúið mig á ökkla í tvö ár. Það virðist alveg vera búíð. Svo er ég allur orkumeiri og frískari. Það er miklu auðveldara að vakna á morgnana og ég endist lengur á daginn. Áður var ég alveg búinn strax eftir kvöldmat og hvorki gat né nennti að gera nokkurn skapaðan hlut.“

Áróður hefði þveröfug áhrif

– Svo að það er hægt að sigrast á offitu, jafnvel þótt hún sé ættgengt eins og í þínu tilfelli?

„Já, já. Það er alveg hægt. Það er bara svolítið erfiðara ef maður hefur þetta í genunum. En maður þarf bara vilja.“

Svo skiptir miklu að leyfa sér eitthvað endrum og eins. Til dæmis eru laugardagar nammidagar hjá mér. Svo sleppti ég mér aðeins núna um jólin og þyngdist um þrjú kíló.“

– Þessi árangur þinn hefur ekki orðið til þess að aðrir fjölskyldum eðli mirtækju sig á?

„Nei, nei. Ég er heldur ekkert að tuða í þeim. Það rennur mikil þrjóska í blóðinu og ég held að allur áróður af minni hálfu myndi bara hafa þveröfug áhrif.“

– halfdan@bb.is



Guðni Borgarsson í dag, 36 kílóum léttari en fyrir átta mánuðum.



Þessi mynd var tekin fyrir tveimur árum, rétt áður en Guðni (t.h.) tók sig á og grennti sig.

Mun fjöldi sjónvarpsrása á Ísafirði margfaldast á þessu ári?

Örbylgjutíðnir auglýstar lausar til umsóknar innan mánaðar

Svo gæti farið að sjónvarpsrásum sem varpað er um örbylgju á Ísafirði fjölgi á þessu ári. Lagalegur þröskuldur er þó í vegi fyrir því að erlendum stöðvum verði dreift með þeim hætti. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir að örbylgjutíðnir á landinu verði auglýstar lausar til umsóknar innan mánaðar og í framhaldinu verði tíðnunum úthlutað til sjónvarpsstöðva. Sem kunnugt er hefur um nokkurt skeið staðið

til að auglýsa þessar tíðnir og í september sagði Hrafnkell að þær yrðu auglýstar innan tíðar. Í lok nóvember sagði Hrafnkell að þær yrðu auglýstar á næstunni. Í sömu frétt sagði Kristján Grétarsson, yfirmaður tæknideildar Norður-ljósa, að ekkert væri því til fyrirstöðu tæknilega, að Digtal Ísland geti boðið 20 sjónvarpsrásir með stafrænu formi á landsbyggðinni þar sem Stöð 2 og Sýn eru til staðar. Aðeins vanti leyfi til uppfærslu sjón-

varpsenda félagsins. Hrafnkell segir að útboð á tíðnum sé mjög flókið og tímafrekt verk. Nú séu tilbúin drög að útboðsauglýsingu sem fari til kynningar hjá hagsmunaaðilum á næstu dögum og að því sé stefnt að formleg auglýsing verði birt innan mánaðar. Hann segir að áhugasamir hafi sex vikur til þess að skila inn hugmyndum sínum eftir að auglýsing birtist. „Að því loknu munum við meta umsóknir. Hvað það tekur langan

tíma byggist auðvitað á því hversu margir aðilar sækja um tíðni. Verði sótt um færri tíðnir en til ráðstöfunar eru mun málið ekki taka langan tíma. Verði hinsvegar sótt um fleiri tíðnir en í boði eru mun taka tíma að fara yfir umsóknir og meta þær meðal annars með hliðsjón af því hversu mikla þjónustu viðkomandi hefur í hyggju að veita“, segir Hrafnkell. Kristján Grétarsson, yfirmaður tæknideildar Norður-ljósa, segir að stefna Stöðvar



Íbúar á Ísafirði geta væntanlega ekki vænt stafrænnar sjónvarpsútsendinga fyrir en liður á árið.

2 sé óbreytt. „Við munum sækjast eftir tíðnum til þess að geta komið fjölvarpi okkar um landið“, segir Kristján. Aðspurður hvað það taki langan tíma að uppfæra senda félagsins eftir að leyfi hafa fengist segir hann fyrirtækið hafa sett sér þá stefnu að uppfæra senda um allt land á einu ári. Hann segir þó einn lagalegan þröskuld á málinu. „Samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum má ekki dreifa erlendum sjónvarpsrásum með UHF-tíðni. Þessi varnagli var settur í lög á sínum tíma til þess að tryggja að erlendar

stöðvar næðu ekki að einoka þetta tíðnisvið. Nú hafa tækniframfarir orðið það miklar að hægt er að senda margar rásir á sömu tíðni þannig að þetta ákvæði er óþarft að mínu mati. En til þess að við getum boðið erlendar stöðvar þarf að breyta lögum og vonandi verður það gert fljótlega.“

Af framsögðum má ætla að ekki megi búast við fjölgun sjónvarpsrása um örbylgju á Vestfjörðum fyrir en líða tekur á árið. Hvort lagalegi þröskuldurinn verði fjarlægður er síðan annað mál.

– hj@bb.is

Tónlistarhátíðin „Aldrei fór ég suður“ haldin aftur í ár

Mikill áhugi á meðal íslenskra tónlistarmanna

Undirbúningur er hafinn fyrir tónlistarhátíðina „Aldrei fór ég suður“ sem haldin verður á Ísafirði um komandi páska. Eins og mönnum er í fersku minni var hátíðin haldin í skíðavíku Ísafirðinga í fyrra og þótti takast með ein-dæmum vel. „Þetta tókst svo vel í fyrra að það var ákveðið að telja í aftur“, segir Rúnar Óli Karlsson, einn þeirra sem skipar undirbúningsnefnd hátíðarinnar.



Frá hátíðinni í fyrra.

„Við stefnum á að hafa þetta með svipuðu sniði og í fyrra, blanda saman vestfirskum hljómsveitum og stærri nöfnum annars staðar frá. Við reynum að hafa þetta heimilislegt og bjóðum alla

velkomna. Sama staðsetning og í fyrra er inni í myndinni“, segir Rúnar Óli, en um síðustu páska var hátíðin haldin á neðri hæð húsnæðis sushiverk-smíðjunnar Sindrabergs á

Ísafirði. „Það standa yfir viðræður við hljómsveitir. Það er greinilega mikill áhugi meðal tónlistarmanna, bæði heimamanna og hljómsveita að

sunnan. Þá er verið að reyna að fá erlenda listamenn til að koma fram og eru margir þeirra mjög jákvæðir fyrir þessu“, segir Rúnar Óli. – halfdan@bb.is

Mannlaus bifreið skemmd á bílastæði

Aðfaranótt laugardags var mannlús bifreið skemmd á bílastæði á Ísafirði. Sá sem olli skemmdunum hefur viðurkennt verknaðinn. Ekki er ljóst hvað viðkomandi gekk til, en hann var undir áhrifum áfengis.

Rétt upp úr miðnætti sömu nótt hafði lögreglan afskipti af eftirlitslausu unglingsam-

kvæmi í íbúð þar sem húsráðandi var ekki heima. Foreldri eins unglingsins vísaði ungmennunum út og var íbúðinni læst. Einhver ölvun virðist hafa verið í samkvæminu. Um var að ræða nokkra unglings 15 til 16 ára. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með börnum sínum og reyna af fremsta megni að fresta áfeng-

isneyslu unglings með öllum skynsömum ráðum. Mikilvægt er að fylgjast með því sem unglingsarnir eru að gera, leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi, hafa samráð við aðra foreldra og framfylgja útivistarreglunum, eins og segir í dagbók lögreglunnar.

Tilkynnt var um sex umferðaróhöpp til lögreglunnar á

Ísafirði í liðinni viku. Engin slys urðu á vegfarendum í þessum óhöppum. Skemmdir á ökutækjum voru töluverðar í einstaka tilfellum. Í vikunni hafði lögreglan afskipti af nokkrum ökumönnum vegna ljósabúnaðs bifreiða sem ekki var í lagi. Þá vill lögreglan áréta að akstur vélsleða í þéttbýli er stranglega bannaður.

Samdráttur í afla í desember á milli ára

Í desember var landað á Vestfjörðum 3.235 tonn af sjávarfangi. Er það um 8% samdráttur á milli ára í þeim mánuði. Mun meiri samdráttur varð í bolfiskafla eða rúm 18%. Samdráttur varð í flestum höfnum á Vestfjörðum nema Bolungarvík og Súða-

vík. Afeinstökum fisktegundum má nefna að þorskaflí dróst saman úr 2.139 tonn í 1.547 tonn í ár eða um rúm 27%. Ýsuaflí dróst saman úr 907 tonn í 812 tonn. Steinbítis-aflí jókst hinsvegar mikið eða úr 51 tonni í 236 tonn og einnig jókst rækjuafli úr 207 tonn

í 237 tonn. Þá var landað í desember 297 tonn af loðnu en engri loðnu var landað í desember árið áður.

Af einstökum höfnum má nefna að afli jókst í Bolungarvík í desember úr 479 tonn í 1.125 tonn. Einnig var aukning á afla í Súðavík úr 103

tonnum í 173 tonn. Í flestum öðrum höfnum á Vestfjörðum varð samdráttur. Má þar nefna að á Ísafirði dróst afli saman úr 1.218 tonn í 645 tonn eða um rúm 47%. Munar þar mestu um mikinn samdrátt í þorskafla.

– hj@bb.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

Sóley Magnúsdóttir

Skólastíg 9, Bolungarvík

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur, fimmtudaginn 13. janúar, verður jarðsöngin frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 22. janúar kl. 14:00. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu er bent á að láta Hólskirkju njóta þess

Hávarður Olgeirsson

- Erna Hávarðardóttir Finnþórunn Jakobsson
- Sveinfríður Hávarðardóttir Hreinn Eggertsson
- Hildur Hávarðardóttir
- Ingunn Hávarðardóttir
- Olgeir Hávarðarson Stefánía Birgisdóttir
- Magnús Hávarðarson Guðný Sóley Kristinsdóttir
- barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafóður og afa

Jóhann Magnússon

bifreiðaskoðunarmanns á Ísafirði

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á sjúkrahúsi Ísafjarðar

Halldóra Jóhannsdóttir

- Dagný S. Sigurjónsdóttir Magnús Már Þorvaldsson
- Elva J. Jóhannsdóttir Barði Önnundarson
- Magnús Ó. Jóhannsson Helga G D Haraldsdóttir
- Heiðrún B. Jóhannsdóttir
- Árí K. Jóhannsson Harpa Henrysdóttir

orin ð í rúst

na á DV og þar með öllum landslýð

„Í gamla daga kunni ég alveg að skemmta mér en það er liðin tíð núna að ég sé í skemmtanastandi“, segir Guðmundur. „Ég hef ekki drukkið í tvö ár. Ég lenti í vandræðum þegar ég var unglingur, en er ekki svo með marga? Ég held að mjög margir gangi í gegnum það á þessum árum. Ég hef alltaf haft stimpil á mér sem ofbeldismaður en hef ekki verið kærður nema fyrir þessi tvö brot. Í dag tek ég ekki mikið mark á því hvað fólk segir um mig. Maður má ekki láta orð særa sig.“

„En þetta hefur ekki bara áhrif á okkur heldur líka alla í kringum okkur“, segir Guðrún. „Börnin okkar, foreldrana og ömmurnar. Alla sem standa manni nærri. Segjum sem svo að frænka okkar hefði ekki heyrt lengi af okkur og allt í einu sér hún þessar greinar í DV. Hvað á hún að halda? Þó að við sjálf gætum hlegið að þessu af því að þetta er ekki rétt, þá viljum við hreinsa mannorð okkar. Ég myndi skríða undir borð og dauðskammast mín ef þetta væri rétt og reyna að vekja sem minnsta athygli á þessu. En úr því sem komið er vil ég einmitt vekja sem mesta athygli á þessu máli. Ég ætla að fá æru mína aftur.“

– Nú eruð þið þekkt fyrir mikið skap. Haldið þið að það hafi eitthvað að gera með það að fólk dæmi ykkur fyrirfram?

„Sem krakki og unglingur var ég mjög skapstór en ég er ekki þannig í dag“, segir Guðrún. „Að vísu hef ég alveg skap en er orðin mun rólegri. Ég er mjög breytt manneskja frá því að ég bjó hér áður fyrr. Þegar ég kom aftur til Ísafjarðar eftir að hafa búið annars staðar í nokkur ár var ég einstæð móðir, orðin laus og liðug og naut lífsins. Fólk tók eftir því og ég hef lent á milli tanna á fólk.“

„Ég fór að sækja AA-fundi fyrir um tveimur árum“, segir Guðmundur. „Ég náði úr mér áfengisbölinu og hef ekki drukkið síðan. Ég er hættur að fara út á lífið nema þegar ég er að vinna sem dryvörður í Sjallanum. Ég get ekki breytt því hvernig fólk hugsar og læt það ekki hrjá mig lengur. Ég gerði ýmsa hluti í gamla daga en það breytir því ekki hvernig

ég er núna. Maður lærir af mistökunum.“

Vanmátturinn svo mikill

„Daginn eftir að greinin birtist í DV út af dómnum yfir mér kom önnur grein um mig“, segir Guðmundur. „Þar stóð að ég hefði verið rekinn úr KFÍ vegna fíkniefnaneyslu. Það er tómlýgi. Þar stóð líka að ég væri núna að spila með í b-deild með Fúsíjama og eina ástæðan fyrir því að ekki væri búið að reka mig úr liðinu væri sú að ég var stigahæstur í leik.“

Ástæðan fyrir því að ég hætti í KFÍ var aftur á móti sú að ég var búinn að vera þarna í tíu ár og fannst það vera að taka tíma frá fjölskyldunni minni. Ég talaði við Baldur Inga Jónasson þjálfara um að ég vildi hætta út af fjölskyldunni og það var ekkert mál. Eftir að þetta birtist í DV setti Baldur inn á vefsíðu KFÍ að fíkniefni hefðu alls ekki komið við sögu þegar ég hætti og að ég hafi ekki verið rekinn. Ég sjálfur vildi einfaldlega hætta að spila í úrvalsdeildinni. Í annarri deild er maður meira að þessu sér til gamans. Í íþróttunum hafði ég líka fótbrotnað þrisvar á fjórum árum og handarbrotnað einu sinni.

Eftir að þetta kom fyrst upp með Tinnu áður en það fór fyrir dóm vildi fólk láta reka mig úr KFÍ. Einnig þegar ég sótti um vinnu hjá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa átti fyrst ekki að ráða mig út af þessu. En Torfi Jóhannsson trúði á mig og vissi hvernig maður ég er. Hann vildi fá mig í vinnu og studdi mig líka í KFÍ. Ég er honum mjög þakklátur fyrir það“, segir Guðmundur.

„Vinnufélagarnir standa alveg við bakið á manni og að sjálfsgöðu fjölskyldan“, segir Guðrún. „Það skiptir gríðarlegu máli að fá stuðning. Mér finnst samt mjög mikilvægt, þó það sé ekki nema í okkar litla samfélagi, að því verði komið á hreint að ég er ekki ofbeldiskona. Mér finnst líka að lögregluembættið á Ísafirði þurfi að gera hreint fyrir sínum dýrum því að orðspor lögreglunnar hefur einnig verið flekk- að. Ég hitti ókunnuga konu á

götu og hún sagði að mikið vald væri sett í hendur mínar miðað við það sem kæmi fram í DV. Í raun er verið að gera lítið úr embættinu með því að segja að ein lítil kona eins og ég geti haft í hótunum við lögregluna og stjórnað því að lögregluembættið á Ísafirði þurfi að gera hreint fyrir sínum dýrum því að orðspor lögreglunnar hefur einnig verið flekk- að. Ég hitti ókunnuga konu á

sem ekki er rétt. Það gæti litíð út eins og þeir blaði bara um öll mál. Sumir hafa sagt við mig að í rauninni líti ég ekki svo mjög illa út í þessu máli, heldur miklu frekar embættið.

Þegar þetta birtist fyrst í DV var það mikið áfall. Ég bara trúði því ekki að þeir gætu birt svona rugl. Ég gat ekki sofið nóttina eftir að það birtist, ég tjá sig við fjölmiðla um mál sem er enn á rannsóknarstigi,

einmitt þá fulla grein fyrir því hvað þetta er mikið sorpblað. Maður hafði lesið blaðið og stundum haft gaman af. En nú veltir maður því fyrir sér hvort yfirleitt nokkuð sem maður les í þessu blaði sé rétt.

Ég vil bara fá mannorð mitt hreinsað og mun gera það sem ég get til að fá það fram. Á meðan get ég lítið gert. Ég stend bara teinrétt í baki og fólk má bara trúá því sem það

vill. Mér finnst samt að fólk eigi að koma til mín og spyrja en ekki pískra um þetta hvert í sínu horni“, segir Guðrún Guðmannsdóttir. Þau systkinin ætla að halda áfram baráttu sinni við að fá uppreisn æru eftir það sem sumir kalla af-töku án dóms og laga í DV. Og ekki þá fyrstu á þeim bæn- um.

– thelma@bb.is



Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga

„Með hækkunum er Ísafjarðarbær að svíkja gerða samninga“

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga segir að með því að samþykka fram komnar tillögur um hækkun á ýmsum gjaldskráum bæjarins sé bærstjórn að svíkja það samkomulag sem gert var við gerð núverandi kjarasamninga og í raun að samþykka að þeir verði lausir síðla árs. Hann segir að verkalýðshreyfingin hafi ekki verið spurð ráða áður en lagðar voru fram tillögur að stórhækkunum gjaldskráum. Hann telur þær tillögur sem fyrir liggja um stórhækkun leigu hjá öldruðum með miklum ólíkindum.

Að sögn forystumanna meirihlutans er almennt miðað

við 4% hækkun. Hins vegar taka margar gjaldskrár meiri hækkunum og er þar um að ræða gjaldskrár sem vega þungt hjá almenningi. Má þar nefna að gert er ráð fyrir að gjaldskrár leikskóla hækka um 10%, fasteignagjöld hækka um ríflega 20% að meðtalinni hækkun á fasteignamati, lágmarksgjald í félagslegri heimaþjónustu verður fellt niður en gjald fyrir hvern tíma hækkað um 50%, gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðra og öryrkja hækkað um 100%, húsaleiga á Hlíf I mun hækka um 25% í áföngum á árinu og gjald fyrir heilsdagsskóla hækka um 25%. Forystumenn meiri-



Pétur Sigurðsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

hluta bærstjórnar sögðu á fréttamannafundi í síðustu viku að þessar hækkunir væru nauðsynlegar til þess að tryggja áfram þjónustu bæjarins.

Pétur segir að með þessum tillögum sé bærstjórn Ísafjarðarbæjar að svíkja þá samninga sem gerðir voru við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. „Að samningaborðinu komu bæði ríki og sveitarfélög. Þá var því lofað að tækist að halda kjarasamningum innan þess sem var kallað skynsamleg mörk þá myndu þessir aðilar tryggja að ekki yrði um að ræða hækkunir umfram eðlilegar verðlagshækkunir. Samþykki bæj-

arstjórn Ísafjarðarbæjar þessar fyrirhuguðu hækkunir er hún ekki einungis að svíkja það sem um var samið heldur er hún einnig með samþykkt sinni að yta verulega undir það að samningar á almennum vinnumarkaði verði lausir í haust. Ég vona að öllum sé það ljóst.“

Pétur segist einnig hissa á eðli þeirra tillagna sem fyrir liggja. „Svo virðist sem bærstjórnin hafi fundið gullkistu hjá ungu barnafólki, öldruðum og öryrkjum. Þessir hópar hafa hingað til ekki verið aflögu-færir og eru það ekki nú. Mér finnst fyrirhuguð hækkun á húsaleigu á Hlíf I með miklum

ólíkindum svo ekki sé meira sagt.“

Á áðurnefndum fréttamannafundi sögðust forystumenn meirihlutans ekki hafa orðið varir við verulega gagnrýni á þær tillögur sem fyrir liggja. Pétur segir að afstaða verkalýðshreyfingarinnar liggji ljós fyrir í málu sem þessum. „Við ætlumst til þess að forystumenn sveitarfélaganna standi við orð sín. Það er fráleitt að hækka gjaldskrár umfram almennar verðlagshækkunir. Allt annað er ávísun á verðbólgu með afleiðingum sem allir þekkja“, segir Pétur Sigurðsson.

– hj@bb.is

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ

„Auknar álögur á þá sem minna mega sín“

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ segja að meirihluti bærstjórnar telji að auknum útgjöldum beri helst að mæta með stóru auknum álögum á þá hópa samfélagsins er minnst mega sín. Þetta kemur fram í bókun sem þeir leggja fram á bærstjórnarfundum sem nú stendur yfir. Þeir hyggjast sitja hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar sem nú er til seinni umræðu.

Í bókun bæjarfulltrúanna segir m.a.: „Sú neikvæða þróun sem verið hefur á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga í landinu undangengin ár er mjög alvarleg og er framlegð frá rekstri ef til vill skýrasti mælikvarði þeirrar þróunar. Æski-

legt væri að framlegð frá rekstri næmi um 10% en þess í stað er áætlað að framlegð frá rekstri verði neikvæð um 9% (~157 m.kr). Ekki þarf her hagfræðinga til að sjá að rekstur sveitarfélags getur ekki gengið við slíkar forsendur en þetta endurspeglar þó þann efna-hagslega raunveruleika sem blasir við mörgum sveitarfélögum landsins.“

Bæjarfulltrúarnir telja að þrátt fyrir margra ára baráttu forsvarsmanna sveitarfélaganna við að rétta hlut þeirra í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé því miður ekki í sjónmáli nauðsynleg viðhorfsbreyting af hálfu ríkisins svo ástæða sé til bjartsýni. Þeir

telja að meirihluti bærstjórnar verði að axla ábyrgð vegna þeirrar stefnu ríkisins þar sem þeir séu „áþekkingar“ sitjandi valdhafa“ eins og segir í bókuninni.

Þeir segja fulltrúa meiri- og minnihluta bærstjórnanna hafa setið saman vinnufundi og því hafi fulltrúar minnihluta getað komið sínum sjónarmiðum á framfæri í þeirri vinnu. Slíkt fyrirkomulag sé eðlilegt og hafi sú þróun sem átt hefur sér stað undangengin ár, hvað vinnuferlið varðar, verið jákvæð að þeirri mati. Þá segir í bókuninni: „Við þær fjárhagslegu aðstæður sem lýst er hér snýst gerð fjárhagsáætlunar fyrst og fremst um að

reyna að koma saman áætlun sem lágmarkar neikvæð áhrif á þjónustu sveitarfélagsins ásamt aðhaldsamri fjárfestingastefnu. Efni til ágreinings eru mun færri en ef tekist væri á um forgangsroðun framkvæmda eða verulega breytingu á þjónustustigi. Í raun er um sameiginlega varnarbaráttu að ræða enda hvílir ábyrgð sameiginlega á bæjarfulltrúum þó fulltrúar meirihluta beri eðli máls samkvæmt nokkru meiri ábyrgð.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar segja ekki ágreining uppi um fjárfestingar en telja þó að harna beri fyrirsjáanlega töf á framkvæmdum við nýbyggingar skólahúsnæðis GÍ vegna



Hlíf I á Ísafirði. „Stóru auknar álögur á leigjendur á Hlíf I teljum við langt umfram það sem eðlilegt geti talist“, segir m.a. í ályktun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar.

mun minni framkvæmda á árinu en fyrirhugað var. Telja þeir það hljóti brátt „að stappa nærri heimsmeti sá vandræðagangur sem þetta mál virðist ætla að verða í höndum sitjandi meirihluta undangengin tvö kjörtímabil“, eins og segir í bókuninni.

Þá segir: „Stóru auknar álögur á leigjendur á Hlíf I teljum við langt umfram það sem eðlilegt geti talist, yfirlýst markmið með hækkun húsaleigu er m.a. að gefa íbúum þeirra kost á að kaupa íbúðirnar af Ísafjarðarbæ. Áður en að slíki stefnbreytingu kemur, varðandi mat á þörf fyrir þessar leiguíbúðir, er hið minnsta þörf á að umræða og úttekt fari fram innan Félagsmálanefndar áður en slík ákvörðun er tekin. Tillagan ásamt yfirlýstum markmiðum er því ótímabær að okkar mati og ásamt því að vera illa ígrunduð. Ekki getum við heldur fallist á stórhækkun, um 107%, fargjalda í akstursþjónustu fatlaðra sem rökstudd er með samræmingu við almenn afsláttarfargjöld með strætisvagnþjónustu innan bæjarfélagsins.“

Atvinna í boði

Tækniamaður

Óskum eftir að ráða tæknifræðing, véliðnifræðing eða reynslumikinn vélbúnaðarhönnuð.

Við leitum að metnaðarfullum fagmanni sem m.a. mun annast gerð framleiðsluteikninga, skráningu framleiðslugagna, undirbúning verkefna og fleira.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun og/eða reynslu á sviði vélaverk- eða tæknifræði og haldbæra reynslu á umræddu sviði. Iðnaðarverk- og/eða tæknifræðimennntun er jafnframt áhugasverður kostur. Áhersla er lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum, áhugasemi, samstarfshæfni og faglegan metnað.

Málmiðnaðarmenn

Óskum eftir að ráða málmiðnaðarmenn hjá 3X-Stál. Hæfniskröfur eru að viðkomandi hafi menntun og/eða reynslu á sviði málmiðnaðar, en reynsla af smíði úr ryðfrú stáli er kostur. Áhersla er lögð á nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, reglusemi og árverkni í hvívetna.



Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Jónsson (johann@3x.is). Vinsamlegast sendið ferilskrár ásamt meðfylgjandi gögnum á framangreint netfang.



Sindragötu 5 · Ísafirði · Sími 456 5079

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

„Mikil nauðsyn að ríkisvaldið taki á með sveitarfélögum í að leiðrétta fjárhaginn“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir sér vera ofarlega í huga hversu rekstur sveitarfélaga er orðinn þungur og segir mikil nauðsyn að ríkisvaldið taki á með sveitarfélögum í gegnum tekjustofnanefnd til að leiðrétta fjárhaginn. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar var samþykkt í síðustu viku. Hann segir kostnaðarhækkunar hafa orðið miklar vegna launahækkana og þess vegna verði hækkun á

gjaldskrá. Hann segir að gerður hafi verið samþykktur við aðrar gjaldskrár fyrir síðari umræðu til að varpa ljósi á hvar Ísafjarðarbær stæði og hann muni gera frekari samþykktur á næstu dögum og birta hann fljótlega. „Við tókum á kostnaðarhækkunum með tvennum hætti. Annars vegar með samdrætti í rekstri m.a. með fækkun um 7 stöðugildi og með því að hækka gjaldskrár“, segir Halldór.

Halldór segir nauðsynlegt að einangra ekki Ísafjarðarbær í umræðu um fjármál sveitarfélaga sem eitthvað sérstakt fyrirbæri. „Þessi staða er því miður hjá um 70% sveitarfélaga landsins ef marka má niðurstöðu rekstrar undanfarinna ára. Það er erfitt að feta þá braut að hafa gjöld og álögur vegna þjónustu Ísafjarðarbæjar eins lágar og mögulegt er en um leið þjónustuna eins góða og mögulegt er. Við reyn-



Halldór Halldórsson.

um hvað við getum“, segir Halldór.

Að undanförunu hefur farið fram mikil umræða um fjármál Ísafjarðarbæjar og sýnist þar sitt hverjum. Halldór segir að aldrei hafi verið dregið úr því af hálfu hans eða meirihluta bæjarstjórnar að fjármál sveitarfélaga séu ekki í lagi og þurfi leiðréttingar við á landsvísi. Þar sé Ísafjarðarbær engin undantekning.

„Handbært fé frá rekstri er

áætlað 45 milljónir króna og öll árin sem undirritaður hefur verið við störf hefur Ísafjarðarbær verið rekinn með afgangi frá rekstri í formi handbærs fjár. Það segir að reksturinn hefur alltaf skilað einhverju upp í afborganir lána eða fjárfestingar en ekki nógu miklu. Með því að lækka skuldir bæjarins höfum við náð fram rekstrarbata í lægri vaxtagjöldum“, sagði Halldór.

– hj@bb.is

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem sjá um snjómokstur

Ekki sendir inn á snjóflóða-hættusvæði nema undir eftirliti

Mokstursmenn Ísafjarðarbæjar eru ekki sendir á snjóflóðahættusvæði nema ríkisstæða sé til og þá undir eftirliti. Þetta segir Þorbjörn Jóhannesson, verkstjóri áhald-

húss Ísafjarðarbæjar, aðspurður um frétt Svæðisútvarps Vestfjarða þar sem sagt er að svo virðist sem öryggis mokstursmanna bæjarins sé lítt gætt með tilliti til snjóflóðahættu.

„Almannavarnarnefnd bannar okkur að vinna á þeim svæðum þar sem er snjóflóðahætta. Þangað eru menn ekki sendir nema að beiðni yfirvalda og þá að sjálfsögðu undir eftirliti“, segir Þorbjörn og tekur sem dæmi mokstur að bænum Hrauni í Hnífsdal þegar þar hafði nýfallið snjóflóð og hættuástand enn í gildi.

Í frétt Svæðisútvarpsins segir m.a.: „Þeir mokstursmenn eru að störfum á Ísafirði og eru þeir ekki útþúnir með snjóflóðaályum. Tvær vélanna geta náð sambandi gegnum gamlar CB stöðvar, sem oft heyrast illa í. Þriðja vélin, sem



Unnið að snjómokstri á Ísafirði.

ad jafnaði moka í Hnífsdal, er með bilaða talstöð. Þurfa mokstursmenn sjálfir að kaupa sér GSM síma til að tryggja

öryggi sitt. Flateyrarvélin er með NMT síma, sem er í lagi. Í síðustu viku munaði minnstu að stórt snjóflóð lenti á einni

snjómokstursvélinni, sem var stödd á Skutulsfjarðarbraut.“

– halfdan@bb.is



Rjúpur í byggðum Vestfjarða

Rjúpur hafa verið að sjást í gördum í bæjarfélögum á Vestfjörðum undanfarnar vikur, meðal annars í Bolungarvík og á Ísafirði. Ekki er óalgengt að rjúpur sjást í byggð þegar jarðbönn eru eins og þau eru í dag. Þess má geta að samkvæmt rjúputalningum Náttúrustofnunar Íslands í vor hafði rjúputalningur aukist mikið frá því árið áður er stofninn var í algeru lágmarki víðast hvar á landinu.

– thelma@bb.is

Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra

„Viðvarandi taprekstur Ísafjarðarbæjar er tilræði við byggðina“

Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra í Ísafjarðarbær segir að viðvarandi taprekstur bæjarinnar sé tilræði við byggðina. Hann lagði fram fjölda breytingartilfella á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku sem allar voru felldar. Magnús Reynir segir tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa verið ranga um árábil undir ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

„Þeir flokkar hafa haft fjölmörg tækifæri til þess að leiðrétta þá tekjuskiptingu en lítið gert. Þrátt fyrir að flestir séu sammála um að tekjuskiptingin sé röng veitir það

sveitarfélaginum enga heimild til þess að eyða um efni fram. Stakk verður að sníða eftir vexti. Þar mega engar væntingar um hugsanlega breytta tekjuskiptingu ráða för. Langvarandi taprekstur bæjarfélags okkar er tilræði við byggðina sjálfa og íbúa hennar. Tapreksturinn heggur að rótum samfélagsins, leggur klyfjar á komandi kynslóðir. Skuldugt sveitarfélag er ekki aðlaðandi búsetukostur“, segir Magnús Reynir.

Sem kunnugt er lagðist Magnús gegn ýmsum gjaldskrárhækkunum meirihlutans. Aðspurður hvort ekki felist tvískinnungur í því að leggja gegn gjaldskrárhækkunum á



Magnús R. Guðmundsson.

sama tíma og lagst er gegn taprekstri segir Magnús svo ekki vera.

„Ég hef í tvö ár reynt að benda mönnum á þá einföldu staðreynd að við megum ekki

reka sveitarfélagið með tapi. Þess vegna lagði ég fram tillögur til þess að tryggja viðunandi rekstur. Því miður voru þær allar felldar. Það er hinsvegar gríðarlegt áhyggjuefni það hugarfar sem blasir við þegar við sjáum hverja meirihlutinn vill láta bera þær auknu byrðar sem viðvarandi taprekstur krefst. Þar eru kallaðir til aldraðir, öryrkjar og barnafólk. Það er skelfileg niðurstaða sem maður á ákaflega erfitt með að kyngja. Það er alvarlegasti hluturinn við þessa nýju fjárhagsáætlun“, segir Magnús Reynir Guðmundsson.

– hj@bb.is

HEILBRIGGISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Augnlæknir

Þóra Gunnarsdóttir, augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 24.-26. janúar nk.

Tímamantanir eru í síma 450 4500, á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík var ánægður með hvernig til tókst með minningarguðsþjónustuna

„Umræðan og upprifjunin var þörf og góð“

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík er ánægður með minningarguðsþjónustuna sem haldin var í íþróttahúsinu í Súðavík á sunnudaginn til minningar um þá sem létust í snjóflóðinu þann 16. janúar 1995. Til minningarguðsþjónustunnar mættu um 200 manns og voru björgunarsveitarmenn af norðanverðum Vestfjörðum áberandi

meðal gesta. Að lokinni guðsþjónustu bauð Súðavíkurhreppur til kaffisamsætis í grunnskólanum. Allir helstu fjölmiðlar landsins voru með sérstaka umfjöllun af þessu til efni um helgina og á sama tíma var hápunktur landssöfnunarinnar Neyðarhjálp úr norðri sem efnt var til styrkrar fórnarlamba flóðbylgjunnar miklu í Asíu.

Ómar segir að minningarguðsþjónustan hafi verið mörgum erfið svo og sú fjölmiðlaumfjöllun sem fram hefur farið fram undanfarna daga. „Þetta hefur tekið í en þetta gaf mörgu fólki tækifæri til þess að ræða þessa hluti útráfrá upplifun hvers og eins. Að því leyti var þetta mjög þörf og góð umræða.“ Eins og áður sagði voru fjölmiðlar með

Framtíðin er í lit



Gulur, rauður, grænn og blár ...
... litríka framtíð!

Höfum tekið í notkun hágnæva Xerox laser litprentara, sem heitar vel fyrir prentun á plakötum, klappum á ársreikningum, auglýsingaspjöldum og ýmsu öðru sem þarf að prenta í litu upplagi í fullkomnum gæðum. Pappírstarð getur verið L.f. A5, A4, A3, A2 og allt upp í 320mm x 1200mm. Leitid námar upplýsinga í síma 456 4566.



Kveikt var á kertum til minningar um þá látnu.

töluverða umfjöllun um flóðin nú um helgina. Ómar segist í heild sinni vera ánægður með umfjöllun fjölmiðla. „Mér fannst

fjölmiðlar nálgast þetta mál af nærgætni og vinna vel úr þessum málum. Þessi hörmulegi atburður gleymist auðvitað al-

drei og því verðum við að geta rætt hann og rifjað hann upp um leið og lífið heldur áfram“ segir Ómar. – hj@bb.is

● Sælkeri vikunnar • Sigurbjörg Guðmundsdóttir á Ísafirði

Bóndalæri og Gleymda kakan

Sælkeri vikunnar býður upp á fljótlegt og gott lambalæri, svokallað bóndalæri. Hún segir lærið vera vinsælt jafnt hjá börnum sem full-orðnum og alveg tilvalið í annríki dagsins. Þá sé hægt að hafa lærið tilbúið og svo kveikt á ofninum um leið og maður kemur heim. Einnig býður Sigurbjörg upp á Gleymdu kökuna sem er gómsæt sem eftirréttur eða með kaffinu.

Bóndalæri

Lambalæri
1 grænmetisteningur

1 kjötteningur
kartöflur
grænmeti

Kryddið lærið eftir smekk og látið á ofnskúffu sem klædd hefur verið með álpappír. Skerið niður kartöflur, hýðið má vera á, og setjið á ofnskúffuna ásamt afgangsgrænmeti eða eftir smekk. Hellið vatni yfir og setjið grænmetis- og kjötteninginn út í. Klæðið yfir með álpappír og látið inn í ofn. Eldunartíminn fer eftir lærinu en þegar 20 mínútur eru eftir takið álpappírinn af til að lærið verði stökkt að

ofanverðu. Notið soðið af lærinu og grænmetinu sem sósu.

Gleymda kakan

6 eggjahvítur
300 g sykur
1 tsk lyftiduft
1 peli rjómi
½ dós niðursoðnar ferskjur
Ávextir eftir smekk

Stífbeytið hráefnin og setjið í smurt eldfast mót. Bakið við 170° hita í 30-40 mínútur. Slökkvið á ofninum og látið kökuna kólna inn í ofninum. Miðjan á kökunni á að falla



saman í miðjunni. Þeytið rjómann og setjið á kökuna ásamt ferskjunum auk ávaxta eftir

smekk. Til dæmis má setja vínber, epli eða jafnvel súkkulaðirúsínur.

Ég skora á Erlu Kristjánsdóttur á Ísafirði því ég veit að hún á góðar uppskriftir.

Ísfirski hljómsveitin Reykjavík

Spilar á vegum tónlistarvefrits í London

Ísfirski hljómsveitin Reykjavík leikur á tónleikum í London þann 21. febrúar nk. Þar spilar sveitin ásamt tveimur öðrum íslenskum hljómsveitum, Jan Mayen og Skátum. „Þetta eru tónleikar á vegum útvarpsstöðvarinnar X-FM og tónlistarvefritsins Drowned in sound“, segir Guðmundur Birgir Halldórsson, annar gítarleikara sveitarinnar.



Guðmundur Birgir Halldórsson, gítarleikari Reykjavíkur á tónleikum í Tjörúhúsinu á Ísafirði.

„Þarna verður líka gaur sem heitir John Kennedy og er þekktur útvarpsmaður þarna úti. Við tökum líka lagið í útvarpsþættinum hans. Þetta kom þannig til að blaðamenn þessa vefrits sáu okkur spila á Iceland airwaves hátíðinni og létu John Kennedy fá disk með okkur“, segir Guðmundur.

Til sölu!

Til sölu er Chevrolet Silverado, 2500, 6,2 dísel, árgerð 1993, ekinn 174.000 mílur. Bíllinn er í mjög góðu standi og mikið endurnýjaður. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 892 0660.



Jóhann Líndal Jóhannsson skrifar

Eftirminnanleg áramót fyrir 40 árum

Nóttina fyrir gamlársdag árið 1964 var norðan stórhrið, ég hafði andvara á um nóttina því ég sá þá um að Reiðhjalla-virkjunin væri í gangi, því hún sá alfarið um að Bolvíkingar fengu rafmagn. Í svona veðri var það ekki ósjaldan að hún slægi út og fór ég þá fram í virkjun og setti línuna inn. Sjálfvirkur sími kom ekki í Bolungavík fyrr en árið 1968 svo ekki var mögulegt að láta mig vita þó allt væri rafmagns-laust.



Jóhann Líndal Jóhannsson. fá neina aðstoð. Ekki ætla ég að lýsa þeim erfiðleikum sem ég lenti í á leiðinni upp eftir þessari ófærð og myrkri.

Ég var komin upp að stíflunni klukkan að ganga 8:00 og búin að koma rafmagn á kl. liðlega 9:00 en þorði ekki að fara heim strax ef eitthvað kæmi fyrir fljótlega aftur. Ég var komin niður í Bolungarvík um hádegjöld. Þá var ekki tími til að leggja sig. Veðrið hafði fallloki lokað fyrir aðrennslisþypuna upp við stíflu sem er í yfir 300 metrum ofar er stöðvarhúsið. Ekki var mögulegt að

við hjónin með blessuð börnin að horfa á brennuna. Þó ég hafi verið fastur starfsmaður hjá Rafmagnsveitunum vorum við Karvel Pálmason í auka störfum í lögreglunni og sáum um löggæslu á dansleikjum. Á þessum áramótadansleik logaði allt í slagsmálum. Ég á afrit af lögreglu skýrslum okkar frá þessu gamlárskvöldi og þar sést að við þurftum að setja þrjú menn í handjárn eftir slagsmál. Ég kom heim kl. 4:30 en á meðan ég var að háttá mig var bankað hjá okkur og ég beðinn að koma á truknum rússneska, inn á Óshlíð og hjálpa nokkrum bílum á leið til Ísafjarðar sem voru fastir, það hafði hvesst og skafid í ruðninga á nokkrum stöðum.

Ég kom heim úr þessum leiðangri kl. að ganga 10 á nýársdag en gat þá ekki sofnað nálagt því strax vegna þeirrar spennu sem ég var búinn að vera í síðastliðna 30 klukkutíma.

— Jóhann Líndal Jóhannsson.

Janúartilboð til Vestfirðinga og lesenda BB!



Eruð þið hjónin eða fjölskyldan á leið á höfuðborgarsvæðið? **Hótel Vík, Reykjavík er fjölskylduvænt hótel rétt við Laugardalinn.**

Hótel Vík er lítið og notalegt þriggja stjörnu hótel í Reykjavík. Á hótelinu eru stór tveggja manna, þriggja manna herbergi og stúdíóíbúð (27m²) sem öll eru búin kælskáp, síma, sturtu og gervihnattasjónvarpi.

Tveggja manna herbergi kr. 5.900.- *
Þriggja manna herbergi kr. 7.900.-
Stúdíóíbúð kr. 7.500.-

* Morgunverður og vsk. innifalinn

Hótel Vík

Síðumúla 19, 108 Reykjavík · Sími 588 5588
 Veffang: www.hotelvik.is · netfang: lobby@hotelvik.is



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

<p>TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL. Hafnarstræti 1, 101 Reykjavík Sími: 456 3241 Fax: 456 4541 Netfang: alg@tg.is Heimasíða: www.tg.is</p>	<p>Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!</p> <p>21 m² bílskúr og geymslu. Tilboð óskast</p> <p>Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbílshúsi ásamt hljégymsku. Tilboð óskast</p> <p>Þjá herbergja íbúðir: Stórholt 9: 80 m² íbúð á 3.h. fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð 5,6 m.kr.</p> <p>Fjarðarstræti 38: Þriggja herbergja íbúð á 3.h. í fjölbýlishúsi, íbúðin er að hluta undir risi. Skráð 49,1 m² í fasteignamat, en er ca. 79 m² að gólfefni. Verð 4,5 m.kr.</p> <p>Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3u h. tí hægr í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mög. að takabíll uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.</p> <p>Þjá herbergja íbúðir: Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangang á jarðhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.</p> <p>Pölgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Verð 2,7 m.kr.</p> <p>Atvinnuhúsnæði: Þrátt 63: 63 m² nýtt verslunaruðsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tekjumog íbúðum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast</p> <p>Nýjar íbúðir við Skógarbraut Allar íbúðir skilast fullmálaðar herbergja íbúð á 3.hæð ásamt</p>	<p>Hægt er að kaupa 38m² bílskúr með íbúð. Verð 2,5 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herbergja íbúð með sérinnangangi í neðri hæð. Verð 10,3 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93m² 2ja herbergja íbúð með sérinnangangi á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herbergja íbúð með geymslu/baðstofulofni á efri hæð. Verð 10,7 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3A- íbúð 103: 133 m² stór 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórþýli. Verð 10,5 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3A-íbúð 104: 114,8 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með baðstofulofni og sérinnangangi. Verð 9,5 m.kr.</p> <p>Skógarbraut 3A-íbúð 203: 153,5 m² 4ja herbergja íbúð á efri hæð með baðstofulofni. Verð 11,5 m.kr.</p> <p>Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni: að Hafnarstræti 1 og á www.tg.is</p>
--	--	--

Smáauglýsingar

Til sölu er Subaru Impreza árg. 1998. Mjög góður og duglegur bíll. 260 þúsund króna bílalan getur fylgt með kr. 7.500 afborgun á mánuði. Uppl. í síma 892 1694.

Til sölu er fallett sófasett, 3+1+1 frá versluninni Öndvegi. Fæst á mjög hagstæðu verði eða kr. 40-50 þús. Mjög gott t.d. fyrir fólk sem er að byrja að búa. Uppl. í síma 895 0292.

Óska eftir snjóbretti í stærðinni 140-150 cm og brettaskó nr. 41. Uppl. í síma 864 2974.

Til sölu er sem nýr harðfiskvals. Uppl. í síma 892 0660.

Óska eftir skíðaskóm og skíðum. Skíði ca. 100 cm og skór nr. 33-35 og skíði ca. 120 cm og skór nr. 35-37. Uppl. í síma 456 3172 og 897 6715.

Til sölu er Subaru Legacy, 4x4, árg. 1999, sjálfskiptur. Góður bíll. Uppl. í síma 891 6044.

Notuð skíði óskast, stærð 150-160 cm og skíðaskór nr. 38. Uppl. í síma 564 0236.

Óska eftir hljómborði, gefins eða mjög ódyru. Upplýsingar í síma 868 6799.

Til sölu er Subaru Impreza, árg. 1998. Mjög góður bíll. 260 þús. kr. bílalan getur fylgt með 7.500 kr. afborgun á mánuði. Uppl. í síma 892 1694.

Óska eftir að kaupa gönguskíði á 6 og 8 ára gömul börn. Uppl. í síma 848 2097.

Til sölu er MMC Lancer GLX árg. 2000, ekinn 86 þús. km. Beinskriptur, 5 gir, framdrifinn með 1300 vél. Engin skipti. Uppl. í síma 861 4679.

Óska eftir að kaupa lítinn lyftingafæringabekk. Upplýsingar í síma 846 7490.

Óska eftir lítilli íbúð eða herbergi til leigu á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 456 0123.

Óska eftir að leigja 4 herb. íbúð eða einbýlishús á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 862 4085.

Óska eftir lítilli 2ja herb. íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 456 5298.

Óska eftir að ráða unglingsstúlku til þess að líta eftir börnum 2-3 kvöld í mánuði og einn eftirmiddag í viku. Upplýsingar í síma 895 2132.

Til leigu er 3ja herb. íbúð frá 1. maí og fram á haust í Torrevieja á Spáni. Íbúðin leigist til lengri eða skemmi tíma. Skemmtileg og ný íbúð með lofkælingu og upphitaðri sundlaug. Íbúðin er mjög vel staðsett. Í göngufæri frá stórmörkuðum. Uppl. í síma 00 34 965 703 751 eða 00 34 639 556 244 eða á netfanginu steintora@terra.is



Tónleikar á Þingeyri til styrktar fórnarlömbum hamfaranna í Asíu

Ríflega 300 þúsund söfnuðust

Rúmlega 300 þúsund krónur söfnuðust á tónleikum til styrktar fórnarlömbum hamfaranna í Asíu sem haldnir voru í félagsheimilinu á Þingeyri á sunnudagskvöld. Að sögn Þórhalls Arasonar, eins skipuleggjenda tónleikanna, léku þeir sem fram komu fyrir fullu húsi gesta. „Þetta gekk mjög vel og það voru allir ánægðir. Tæplega 200 þúsund krónur voru greiddar í að

gangseyri. Þá gaf ein lítill stúlka sparibaukinn sinn og Dýrafjarðardeild Rauða krossins gaf 110 þúsund krónur“, segir Þórhallur. Fæð rann allt til Rauða krossins og tók Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisstjóri samtakanna á Vestfjörðum við fénu að loknum tónleikum. Hugmyndin að tónleikahaldinu kom frá Elísu Línadóttur, nemanda í Grunnskólanum á Þingeyri. „Hún stakk upp á

þessu við kennara sinn fyrir viku“, segir Þórhallur. Meðal þeirra sem komu fram voru nemendur úr Grunnskóla Þingeyrar, Karlakórinn Ernir, Harmonikkukarlarinn, Olafi og Þórhallur frá Þingeyri, Jazztríó Villa Valla, Blokkflautukvartett Suðureyrar og Gospelkór Vestfjarða. Páll Ónundarson var á tónleikunum og tók þar meðfylgjandi myndir. – halfdan@bb.is



STAKKUR SKRIFAR

Samhugur

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Á sunnudaginn voru liðin 10 ár frá snjóflóðinu í Súðavík. Stund sárra minninga og sumir spyrja hvers vegna að ýfa þær upp? Já hvers vegna minnst menn slíkra hörmungaratburða? Til þess liggja margar ástæður. Sú helsta er auðvitað að rifja upp það sem gerðist og læra af því. Minningar fólks, bæði þeirra sem misstu nána ættingja og eins hinna sem misstu kunningja eða einfaldlega vissu af því fólk sem dó, eiga rétt á sér. Sorgin er kúnstug og erfitt að lifa með henni, en útilokað að skella á hana dyrum. Hún bankar upp á hjá öllum mönnum fyrr eða síðar.

Við lærum líka af því að sjá hvernig fólk tekst á við framhaldslíf með hörmungar að baki. Hvað var gert rétt og hvað rangt? Kannski eiga slíkar spurningar ekki rétt á sér. Og þó eiga þær réttinn. Hvernig hefði verið umhvorfs í Súðavík 1995 hefðu þeir sem réðu þar fyrir sveitarstjórn vitað fyrir tveimur áratugum hverjar hættur væru fólgnar í fjallinu? Hver hefðu viðbrögð lögreglu og almannavarna orðið ef vitað hefði verið um það fyrir að slíkur atburður gæti orðið. Því má ekki gleyma að flóðið sem yfirvöld bjuggu sig undir féll um það bil hálfum sólarhring síðar. Snjóflóðið úr Traðargili hefði ekki kostað mannlíf ef þess eins hefði verið von. Engu að síður fór næstum illa því það féll nánast á bil með hóp björgunarsveitarmanna á leið í hvíld.

Þjóðin tók öll þátt í atburðinum með sorg í hjarta og afleiðingarnar snertu marga sálina, sem aldrei gleymir þessum voða. Gripið var til aðgerða svo draga mætti úr hættu. Samt létu tuttugu menn lífið 26. október 1995 á Flateyri og var

þá mannfalið orðið 35 á norðanverðum Vestfjörðum frá 5. apríl 1994, er flóðið féll á dalina tvo, Seljalandsdal og Tungudal. Að auki féll einn í snjóflóði á Reykhólum í sömu óveðurshrinunni og lagði Súðavík að velli. Enn muna flestir snjóflóðið í Neskaupstað 1974, en þar féllu 12.

En heimurinn fylgdist með og studdi Íslendinga og Vestfirðinga, sýndi samhug með þjóðinni, Súðvíkingum og síðar Flateyringum. Við vorum ekki ein. Með sama hætti sýndu Íslendingar hug sinn á laugardaginn er sameiginlegt átak þriggja sjónvarpsstöðva í samvinnu við frjáls samtök sjálfbæðaliða og fleiri skilaði 110 milljónum króna til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna jarðskjálftans og flóðbylgjunnar í Indlandshafi, sem kostaði 170 þúsund manns lífið. Kastljós Ómars Ragnarssonar var nærgætin og þó djúp yfirferð í stuttu máli um það sem gerðist, afleiðingar og viðbrögð.

En hvað höfum þá lært? Margt. En það gleymist fljótt ef ekki er hugað upp-rifjun. Í þætti Jóns Ásgeirs Sigurðssonar á sunnudaginn benti fyrirverandi sýslumaður á Ísafirði á mikilvægi þess að taka inn í námskrá grunnskóla fræðslu um náttúruhamfarir og viðbrögð þegar þær dynja á. Hann taldi rétt að rifja slíkt upp að minnsta kosti árlega í útvarpi og sjónvarpi. Við vitum þó það, að náttúruhamfarir eru fastur þáttur í tilveru Íslendinga og líka að þær sjást ekki alltaf fyrir. Þjóðin með stjórnvöld í fararbroddi á að heiðra minningu allra þeirra sem látið hafa lífið í snjóflóðum með því að vekja árvekni meðal okkar um það sem getur gerst og rétt viðbrögð.

Bandaríkjaferðir á frábæru verði




Netsmellur til USA

Verð frá 36.900 kr.*

*Verkið: Flug, baggfaraskattur og eftirveitingar

Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is



mannlífid

Abendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 19. janúar,
19. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1903 strandaði þýski togarinn Friedrich Albert á Skeiðarársandi. Áhöfnin komst öll í land en hraktist síðan um sandinn í tvær vikur og þrjú menn fórust. Árið eftir var byggt skipbrotsmannaskýli á sandinum, hið fyrsta hételendis, að frumkvæði Ditlev Thomsen kaupmanns.

Pennan dag árið 1957 varði Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður doktorsritgerð sína um kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi. Athöfnin fór fram í hátíðarsal Háskólans.

Pennan dag árið 1992 komu Sykurmolarnir laginu *Hit í* 17. sæti breska vinsældarlistans og jöfnuðu þar með níu ára met Messoforte.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 39 árum



Síldarverksmiðjan í Bolungarvík kaup síld í skotlandi

Blaðið hafði af því spurnir að Síldarverksmiðja Einars Guðfinnsonar í Bolungarvík hefði látið síldarflutningaskip sitt, Dagstjörnuna, kaupa síld af síldveiðiskipum við Skotland og myndi flytja hráefnið hingað heim og bræða vestur í Bolungarvík.

Blaðið sneri sér til Guðfinns Einarssonar og spurði hann um málið. Hann skýrði svo frá:

Síldar- og olíuflutningaskip okkar Dagstjarnan (ex Þyrill) flutti fyrir skemmstu út lýsi til Amsterdam, en í þann mund, er skipið var á leið heim aftur, höfðum við spurnir af miklum síldveiðum í Norðursjó.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Vestlæg átt, 5-13 m/s og dálítill él, en þurrt austantil. Áfram kalt í veðri.

Horfur á laugardag:
Vestlæg átt, 5-13 m/s og dálítill él, en þurrt austantil. Áfram kalt í veðri.

Horfur á sunnudag:
Snýst í vaxandi sunnanátt með slyddu eða rigningu þegar liður á daginn og hlýnar í veðri.

Horfur á mánudag:
Útlit er fyrir suðlæga átt með rigningu eða slyddu í flestum landshlutum.

● Spurning vikunnar

Strengdir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 349. – Já sögðu 70 eða 20%
– Nei sögðu 279 eða 80%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Jón G. Guðjónsson í Litlu-Ávík á Ströndum

Innilokaður á bænum

Hér í Árneshreppnum er snjór og meiri snjór. Ekki hefur hér verið meiri snjór síðan 1995 og var snjódýptin í síðustu viku 67 cm sem var það mesta á landinu samkvæmt vef Veðurstofu Íslands. Ég er innilokaður á bænum og kemst ekkert á bíl nema á mánudögum og fimmtudögum þegar mokað

er út að Gjögurflugvelli. Þá kemst ég út í kaupfélagið á Norðurvegi og í póstferðir mínar.

Þannig er það nú á flestum bæjum hér að íbúar eru innilokaðir flesta daga vinnunnar. Við fáum þó nauðsynjar og allir eru hressir en þetta eru óneitanlega viðbrigið frá undanförunum árum.

Snjómokstursmönnum reynist erfitt að halda vegunum opnum þar sem veðráttan hefur verið óstöðug og strax skefur í er þeir hafa rutt. Engin snjóflóða-hætta er í hreppnum, alla vegu ekki á nein hús þó sums staðar gæti fallið flóð á vegi. Það er mikill léttir að þurfa ekki að hafa áhyggjur af því.



Tvær plötur frá Skúla Þórðar

Árið 2002 gaf Skúli út sex laga plötu sem fékk ágætari viðtökur.

„Hún seldist í rúmlega 200 eintökum, sem mér fannst ágætt. Salan stóð alveg undir mínum væntingum. Mest seldist á Vestfjörðum. Ég gerði ekki mikið til að auglýsa hana, spilaði bara nóg. Ég fór meðal annars í ferð um firðina með Mugison. Við spiludum á Patrækisfirði, Tálknafirði, Þingeyri og á Flateyri.

Sumarið 2003 byrjaði ég að gefa út tvær plötur. Aðra þeirra kallar hann Bráðabirgðablús, en hin hefur ekki enn hlotið nafn, enda hefur hún ekki ennþá verið tekin upp.

Það verkefni er þó ennþá í gangi. Ég er kominn í hljómsveit og við ætlum núna í vor að taka upp og gefa út plötu, ef allt gengur að öskum.“

Söngnám í Reykjavík

Skúli lærir nú söng í Reykjavík, auk þess sem hann spilar á krám þegar svo ber undir. Aðspurður segir Skúli söngnámíð ganga nokkuð vel.

„Ég hef lært mikið á stuttum tíma og tekið nokkuð miklum framförum. Þó námið sé aðallega af klassískum toga kemur það sér vel í hjóðlagatónlistinni.

Námið er að mestu verklegt, en einnig er kennd tónlistarsaga, tónheyrn, sviðsfram-

koma og annað.“

Bráðabirgðablús


Meðan æstir aðdáendur Skúla bíða eftir stóru plötunni geta þeir svalað þorsta sínum með Bráðabirgðablús, annarri sex laga plötu sem Skúli gaf út um síðustu jól.

„Þetta er, eins og nafnið gefur til kynna, bráðabirgðaverk. Bara svona til að halda mér við efnið. Umslöginn gerði ég sjálfur, saumaði þau úr heilsíðuauglýsingum úr blöðum, þannig að ekkert umslag er eins.“

Nálgast má gripinn hjá Skúla sjálfum og kostar ein-takið 500 krónur.

Þórsörkin er minn staður

„Þórsörkin er minn uppáhaldsstaður á ferðalögum því þar er ein fallegasta náttúrufergur sem um getur. Hún gerist vart stórbrotnari. Ég hef komið þangað þó nokkrum sinnum og áður fyrr gerði ég mér reglulega ferð þangað í góðra vina hópi. Ég á margar góðar minningar þaðan.



En auðvitað er þetta uppáhalds viðkomustaðurinn fyrir utan Vestfirði, það er nánast óþarfi að taka það fram. Það er eins og að vera spurður hver fallegasta kona heims sé þá nefnir maður að sjálf-sögðu konuna sína fyrst,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík.



Rafmagnsleysi

Fyrir nokkrum árum fór Kristján Haraldsson, bústjóri í Orkubúi Vestfjarða, til Bandaríkjanna ásamt nokkrum hópi annarra Ísfríðinga. Þegar mannskapurinn kom til Flórída hafði nýverið gengið þar yfir fellibylur og valdið gríðarlegu tjóni. Ferðalangarnir óku í rútbíl um héruðin sem verst höfðu orðið úti. Viðgerðarflokkar frá rafveitum voru einnig á ferðinni og voru mjög áberandi. Í fréttum kom fram að nokkrar milljónir fólks væru án rafmagns. Þá sagði Kristján: Það hefur nú aldrei orðið svona slæmt hjá okkur í Orkubúinu.

Teiknimynd byggð á lífinu á Ísafirði

Ísfríðingurinn Ásgeir Þór Kristinnsson er ungur og upprennandi teiknari. „Ég byrjaði að teikna þegar ég var 6 ára og hef verið að teikna af og til síðan þá. Mig langar til að læra teiknimyndagerð er að íhuga hvaða möguleikar bjóðast í því. Nú er ég við nám við Menntaskólann á Ísafirði. Maður getur líka lært heilan helling bara af því að leika sér sjálfur við að teikna, en ég lærði að skyggja og önnur þess háttar grunnatriði í Iðnskólanum í Hafnarfirði“, segir Ásgeir. Hann hefur einnig mikinn

áhuga á tónlist og er rappari. „Ég er í hljómsveitinni FGT (fordæmdir gangster trúðar). Annars held ég að það passi ágætlega saman að vera rappari og teiknari. Það hefur áhrif á hvernig figúrir ég teikna, sem er bara hið besta mál. Við í FGT förum suður fyrir jól og tókum þátt í rappkeppninni Rímnaflæði. Það var skemmtilegt en við breyttum um lag á síðustu stundu svo það hefði nú getað gengið betur. Við lentum ekki í neinu sæti, en þetta var góð reynsla.“

Ásgeir er um þessar mundir að leggja drög að teiknimyndagerð. „Ég og vinir mínir erum að spá í að gera teiknimynd. Tveir þeirra eru góðir að spinna sögur, ég og annar vinur minn sjá um svo um teikningarnar. Svo myndum við nota tölvutækni til að gera úr þessu mynd. Við erum bara að leika okkur en það væri gaman ef þetta tækist. Hugsunin er að gera stutta þætti og koma þeim á Internetið. Við erum komnir með smá handrit sem byggt er á lífinu á Ísafirði þó að allt sé ýkt“, sagði Ásgeir.



Ein af teikningum Ásgeirs.



Ásgeir Þór Kristinnsson.

Brennslan mín • Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði

Útheimtir góðar græjur til að njóta í botn

Uppáhaldslögin mín eru af ýmsu sauðahúsi og úr öllum gerðum tónlistar. Ég er rétt að verða heit, en læt þessi nægja sem toppinn af ísjakanum

konurnar hringjum ævinlega hvor í aðra þegar lagið kemur í útvarpinu og syngjum það saman í símann, sama hvar við erum staddar.

njóta hennar í botn.

1. Er völlur grær og vetur flýr – Óðinn Valdimarson

Lagið er oft kallað „Ég er kominn heim“. Óðinn syngur þetta lag alveg hreint ótrúlega vel, og ég held að það sé söngþokkinn hans sem upphaflega dró athygli mína að þessu lagi. Það tengist góðum minningum frá samverustund með bestu vinkonu minni í Þingvallasveit fyrir nokkrum árum. Við vin-

2. River deep, mountain high – Tina Turner

Frábært lag og frábærlega vel sungið. Féll fyrir því fjórtán ára gömul og verð enn jafn hrifin þegar ég heyr þad. Það er ekkert sem toppar Tinu í þessum flutningi.

3. Roll over Beethoven – ELO

Rokkútsending við stefið úr 5. synfóníu Beethovens. Ótrúlega flott útsetning, en útheimtir góðar græjur til að

4. Wild horses – The Rolling Stones

Tengist manningum mínum sem hefur frá ungu aldri verið Stones-aðdáandi. Það kom sér vel fyrir mig að vita það þegar ég var að krækja í hann á sokkabandsárunum. Ég lét hann strax vita að ég ætti uppáhaldslag með Stones, og viti menn: Bingó! Ég sé ekki eftir því, fjórum börnum og 28 árum síðar.

5. Sveitin milli sanda – Ellý Vilhjálmsson

Ellý var bara ómetanleg söngkona og lagið er undur-fallett.

6. Oh happy day með ýmsum góðum gospel-körum

Kemur mér alltaf í gott skap.

7. Pump and Circumstances eftir Edvard Elgar

Sinfóníuflutningur sem er frábært að setja á fullt þegar maður þarf að þrifa.

8. Tunglskinnsónatan eftir Beethoven

Kemur mér alltaf í vímu, fátt sem jafnast á við hana, sérstaklega ef maður er eitt-hvað þjakaður á sálinni. Algjör endurnæring.

9. Theodorakis

Lagið eina sem ég man ekki



Ólína Þorvarðardóttir. hvað heitir er ómótstæðilegt. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar Melina Mercury dansaði við það í grískri kvikmynd fyrir mörgum, mörgum árum.

Sportlið í belnili

Skjáreiðinn:

- Laugardagur 22. janúar: Kl. 12:45 – Enski boltinn: Southampton – Liverpool. Kl. 15:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Aston Villa. Kl. 17:15 – Enski boltinn: WBA – Manchester City

Sunnudagur 23. janúar:

- Kl. 16:05 – Enski boltinn: Arsenal – Newcastle.

Mánudagur 24. janúar:

- Kl. 22:30 – Enski boltinn: Blackburn – Bolton.

Sýn:

- Miðvikudagur 19. janúar: Kl. 19:35 – Enski boltinn: Exeter – Man. Utd.

Laugardagur 22. janúar:

- Kl. 18:50 – Spænski boltinn: Barcelona – Racing

Sunnudagur 23. janúar:

- Kl. 13:50 – Ítalski boltinn: Juventus – Brescia. Kl. 15:50 – Spænski boltinn: VillaReal – Valencia. Kl. 20:00 – Ameríski boltinn: Philadelphia – Atlanta. Kl. 23:30 – Ameríski boltinn: Pittsburgh – New England

Canal+ Norge:

- Laugardagur 22. janúar: Kl. 12:45 – Enski boltinn: Southampton – Liverpool. Kl. 15:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Aston Villa. Kl. 19:30 – Ítalski boltinn: Inter Milan – Chievo.

Sunnudagur 23. janúar:

- Kl. 14:00 – Ítalski boltinn: Livorno – AC Milan. Kl. 16:05 – Enski boltinn: Arsenal – Newcastle Utd. Kl. 19:30 – Ítalski boltinn: Fiorentina – Roma.

Canal+ Sport:

- Laugardagur 22. janúar: Kl. 15:00 – Enski boltinn: Chelsea – Portsmouth. Kl. 17:15 – Enski boltinn: WBA – Man. City

Sunnudagur 23. janúar:

- Kl. 14:00 – Ítalski boltinn: Juventus – Brescia.

Kirkja

Ísafjarðarkirkja:

Messa og kirkjuskóli sunnudaginn 23. janúar kl. 11:00.

Flateyrarkirkja:

Guðsþjónusta með aðstoð Kvenfél. Brynju, sunnudaginn 23. janúar kl. 14:00. Sólarlaffi í Vagninum á eftir.



Langtímaskuldir Ísafjarðarbæjar hafa lækkað um tæpar 600 milljónir króna að raunvirði

„Stærstur hluti fjármuna af sölu Orkubúsins fór til greiðslu skulda“

Langtímaskuldir Ísafjarðarbæjar hafa lækkað um tæpar 600 milljónir króna að raunvirði frá ársbyrjun 2001 til loka árs 2004, að því er fram kemur í upplýsingum meirihluta bæjarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis hluta bæjarins í Orkubú Vestfjarða.

Samkvæmt samkomulagi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var greitt niður lán sem nam 734 milljónum króna á árunum 2001-2003. Fram kemur að rekstrarbati sé fólgin í lægri vöxtum og munar þar um 50 milljónir á ári fyrir utan verðbætur.

Einnig kemur fram að frá síðari hluta árs 2001 hafa verið tekin ný lán upp á 80 milljónir króna.

Áætlað er að við nýliðin áramót hafi 470 milljónir verið eftir af 1.430 milljónum króna söluandvirði hluta bæjarins í Orkubú Vestfjarða. „Stærstur hluti fjármuna af sölnni hefur farið til greiðslu skulda og þar með bætt stöðu Ísafjarðarbæjar. Hluti hefur verið nýttur í fjárfestingar sem voru orðnar löngu tímabærar og kom þar með í veg fyrir lántöku“, segir í framlögðum gögnum meirihlutans. – *halfdan@bb.is*



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Tafir verða á afhendingu lóðsbáts

Nú virðist ljóst að töluverðar tafir verða á smíði lóðsbáts fyrir Ísafjarðarhöfn. Sem kunnugt er var gerður samningur um smíðina við skipasmíðastöðina Ósey hf. í Hafnarfirði. Skrokkurinn var smíðaður í Póllandi en ljúka átti smíðinni í Hafnarfirði. Upphaflega átti að afhenda bátinn í fjórðu viku janúar en síðar var afhendingunni frestað um mánuð. Hallgrímur Hallgrímsson hjá Ósey hf. segir að skrokkur bátsins sé ennþá í Póllandi og treystir sér ekki til þess að segja hvenær takist að flytja hann heim. Smíði hans þar mun þó vera lokið. Hallgrímur treysti sér ekki til þess að spá um hversu mikið smíði bátsins muni tefjast. Þar sem skrokk-



urinn er ennþá í Póllandi má þó telja víst að smíði bátsins tefjist um nokkra mánuði. Eins og kom fram í frétt bb.is hefur Ósey hf. gengið í gegnum töluverða erfiðleika í rekstri í kjölfar síðustu nýsmíði stöðvarinnar. Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar segir enga formlega tilkynningu hafa borist frá skipasmíðastöðinni um tafir á smíði bátsins. Tilboð Óseyjar í smíðina var að upphæð 48,9 milljónir króna. – *hj@bb.is*



Frá minningardagskrá Guðmundar Inga á laugardag.

Minningarvaka Guðmundar Inga

Hin árlega minningarvaka Guðmundar Inga Kristjánssonar, skálds frá Kirkjubóli í

Önundarfirði, var haldin í friðarsetrinu Holti á afmælisdegi hans á laugardag. Meðal annars voru lesin nokkur ljóð Guðmundar Inga og Kjartan Ólafsson, fræðimaður og fyrrverandi þingmaður, flutti brot af

hinu umfangsmikla efni sem hann hefur safnað úr Önundarfirði og víðar af Vestfjörðum. Guðmundur Ingi byrjaði ungur að starfa sem kennari í farskóla og síðar í Holti. Hann sinnti mörgum trúnaðarstörf-

um og gaf út nokkrar ljóðabækur sem allar voru kenndar við sól. Guðmundur Ingi var heiðursborgari Mosvallaungur að starfa sem sameinada Ísafjarðarbæjar. Hann lést þann 30. ágúst 2002.

Fyrrverandi gjaldkeri Ísafjarðarbæjar

Fær 1,8 milljónir í skaðabætur

Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar hefur verið falið af bæjarráði að ganga frá greiðslu skaðabóta til Pálinu Garðarsdóttur, fyrrverandi gjaldkera bæjarins, vegna meintrar ólögmetrar uppsagnar skömmu fyrir júl 2003. Málið var dómtekið

fyrir Héraðsdómi Vestfjarða í sumar og átti aðalmeðferð að fara fram í næsta mánuði. Skaðabæturnar sem sést hefur verið á nema um 1,8 milljónum, ígildi 9 mánaða launa. Eins og sagt var frá á sínum tíma var Pálinu víkið úr starfi vegna „fyrirhugaðra skipu-

lagsbreytinga“, eins og það var orðað. Formaður Fos-Vest vildi meina að uppsögnin væri ólögmet, en Þórir Sveinsson fjármálastjóri bæjarins sagði uppsögn Pálinu hafa verið í samræmi við gildandi kjarasamninga og fyllilega málefnalega.

Tveir fiskibátar rákust saman út af Óshlíð

Tveir smábátar rákust saman út af Óshlíð um miðjan dag á miðvikudag í síðustu viku. Einhverjar skemmdir hlutust

en skipverja sakaði ekki. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði var ekki um að ræða mikinn árekstur þar sem bátarnir

voru ekki á mikilli ferð og komust sjómennirnir af sjálfsdáðum í land. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.